

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK APRÍL 2004

UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ • ÚTLEIGA Á VINNUAFLI •
VIRÐISAUKASKATTUR AF RAFRÆNNI ÞJÓNUSTU • GREIÐSLUR
Í ERLENDA SÉREIGNARSJÓDI • RAFRÆN PERSÓNUSKILRÍKI

Alþjóðlegt skattaumhverfi

Samskipti fyrirtækja og einstaklinga við aðila í öðrum löndum hafa sívaxandi þýðingu fyrir skattframkvæmd. Opið viðskiptaumhverfi og frjálsir flutningar á fólki og fjármunum milli landa hafa m.a. leitt til þess. Kemur þetta víða fram í skattframkvæmd. Nærtækt dæmi er starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi og störf útlendra manna hér ýmist í þjónustu þeirra eða innlendra fyrirtækja. Hefur þetta orðið til álitamála um skattalega stöðu þessara starfsmanna og skattalegar skyldur þeirra sem hafa þá í vinnu.

Mikilvægur þáttur í tengslum við alþjóðavæðingu skattaumhverfisins eru tvísköttunarsamningar. Með þeim er annars vegar leyst úr þeim vanda að sömu tekjur séu skattlagðar í tveimur ríkjum og hins vegar tryggt að tekjum sé ekki skotið undan skatti. Ákvæði samninganna um gagnkvæma upplýsingamiðlun milli skattyfirvalda í samningsríkjunum eru ásamt upplýsingaskyldu tekjuskattslaganna hornsteinar jafnræðis í skattframkvæmd. Mikilvægt er að tvísköttunarsamningar séu gerðir við sem flest ríki, þar sem íslenskir aðilar starfa eða eru heimaríki fyrirtækja eða einstaklinga sem hingað koma til að reka atvinnu eða starfa.

Annað atriði í þessu samhengi er skattframkvæmd þegar í hlut eiga erlendir aðilar, sem ekki þekkja til starfsumhverfis hér á landi og vanist hafa öðrum vinnubrögðum. Þau mál sem upp hafa komið að undanförmu gefa tilefni til þess að hugleiða hvernig íslensk skattyfirvöld og aðrir opinberir aðilar sem um þessi mál fjalla eru undir það búnir að sinna verkefnum sem tengjast umfangsmiklum umsvifum erlendra aðila hér á landi. Því er ekki að leynd að í ljós hafa komið ýmsir ágallar. Meðal þess sem fram hefur komið eru annmarkar á því kerfi sem viðhaft er við skráningu á erlendum starfsmönnum og fyrirtækjum, takmörkuð þekking hinna erlendu aðila á íslenskum réttarreglum og nokkuð skeytingarleysi við að fara eftir þeim. Þá er ljóst að íslensk stjórnvöld eru of úrræðalítill gagnvart aðilum, sem virða ekki almennar samskiptareglur e.t.v. í skjóli þess að verða ekki dregnir til ábyrgðar á þeim stutta tíma sem þeir starfa hér á landi.

Samskipti skattyfirvalda við innlenda skattaðila, einstaklinga sem fyrirtæki, hafa yfirleitt verið góð og einkennst af gagnkvæmri virðingu fyrir störfum og þörfum beggja. Kröfur skattyfirvalda um upplýsingar vegna almennrar skattframkvæmdar eru hófstílltar og miðlun þeirra frá skattaðilum til skattyfirvalda er oftast greið. Í því eiga m.a. sinn þátt endurskoðendur, sem lengi hafa átt í góðum samskiptum við skattyfirvöld í þeim tilgangi að tryggja snurðulausa skattframkvæmd. Eins er það góð venja í samskiptum þessara aðila að útkljá ágreiningsmál sem upp koma á siðmennilegan hátt með því að láta þau ganga til úrskurðaraðila, hvort sem það er yfirséðnefnd eða dómstóll, án þess að láta þau hafa áhrif á daglega skattframkvæmd og hlíta síðan niðurstöðu. Það er til skaða ef út breiðast þau viðhorf að fyrirtæki telji það sjálfsagt að hundska skattyfirvöld ef þeim sýnist það henta og að toga þurfi út úr þeim lögboðnar upplýsingar með töngum ef afstaða skattyfirvalda fellur ekki að skoðun þeirra.



Efnisyfirlit

2 Leiðari

Indriði H. Þorláksson

5 Upplýsingasamfélagið

Indriði H. Þorláksson

8 Virðisaukaskatti skilað í gegnum vef-banka?

9 Einfalt og aðgengilegt

12 Útleiga á vinnuafli

Guðrún J. Jónsdóttir

16 Virðisaukaskattur af rafrænni þjónustu

Elín Árnadóttir

18 Rafræn persónu-skilríki - vegabréf á vefslóðum

Bragi L. Hauksson

Jón H. Steingrímsson

20 Greiðslur í erlenda séreignarsjóði

Ólafur Páll Gunnarsson

24 Bóndi er bústólpi

Jóhannes Hraunfjörð

Karlisson

28 Af vettvangi skattaréttar

Anna Dóra Helgadóttir

Bjarni Amby Lárusson

30 Skattlagning í ýmsum löndum - Slóvakía

Guðrún J. Jónsdóttir

32 Þjónustusiður RSK

Útleiga á vinnuafli



Á síðustu mánuðum hafa verið miklar umræður um skattalega meðferð erlendra starfsmanna við virkjunarframkvæmdirnar á Austurlandi. Guðrún Jenný Jónsdóttir lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra hefur tekið saman grein um hvernig skattskyldu er háttáð þegar um er að ræða erlenda starfsmenn sem koma til starfa á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli. Guðrún Jenný varpar ljósi á álítaefnið og er greinin á bls. 12.

Rafræn skilríki - vegabréf á vefslóðum



Rafrænu skilin eru sífellt í þróun og næsta skrefið er væntanlega að taka upp rafræn persónuskilríki, eða einskonar vegabréf á vefnum. Samstarfshópur nokkurra ríkisstofnana hefur þetta efni til skoðunar og fulltrúar ríkisskattstjóra í hópnum eru þeir Jón H. Steingrímsson og Bragi Leifur Hauksson. Þeir gera grein fyrir verk-efninu í grein á bls. 18.

Greiðslur í erlenda séreignarsjóði



Í þessari grein gerir Ólafur Páll Gunnarsson lögfræðingur hjá fjármálaráðuneyti ítarlega grein fyrir skattalegri meðferð á greiðslum í lífeyrissjóði, bæði skylduaðild og einnig séreignarsparnaðinum. Frádráttarhæfni greiðslna í erlenda lífeyrissjóði hefur komið til kasta dómstóls Evrópusambandsins og í greininni tekur Ólafur Páll það efni til sérstakrar umfjöllunar. Greinin er á bls. 20.

TÍUND

RÍKISSKATTSTJÓRI · LAUGAVEGI 166 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 563 1100 · FAX: 562 4440 · rsk@rsk.is · VEFFANG www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 1. TÖLUBLAÐ · 18. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM
ÚTGEFANDI: RSK
ÁBYRGÐARMAÐUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR OG JÓN H. STEINGRÍMSSON
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.
HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

rsk.is

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR **VEFSKIL**

Á **rsk.is** er boðið upp á rafræn skil á **virðisaukaskatti** og **staðgreiðslu**. Sérstaklega skal bent á að hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum. Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit á einfaldan og öruggan hátt, hvar og hvenær sem er.

ÞINN ÁVINNINGUR ER

**... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna
... einfaldar bókhaldið ... umhverfisvæn skil**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Allar nánari upplýsingar má fá á www.rsk.is/umhverfismat. Þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð sem veitt er eftir kl. 16:00.

Þú getur líka hringt í **grænt númer, 800-6311**.

Rafræn skil - umhverfisvæn skil

Upplýsinga-

samfélagið

stefna og framkvæmd

Í framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið frá 1996 var þróun á því sviði sett stefna og meginmarkmið. Eins og vera ber var höfuðmarkmiðið sett hátt og að því skyldi stefnt að: Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Ásamt þessari þungamiðju var í stefnunni fjallað um nokkur meginmarkmið sem m.a. fólu í sér greiðan aðgang að upplýsingasamfélaginu og að upplýsingatækni verði beitt á öllum sviðum, að stjórnvöld auðveldi aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu og að löggjöf, reglur og vinnubrögð verði endurskoðuð með tilliti til upplýsingatækni.

Á árinu 2003 var ákveðið að endurskoða stefnu um upplýsingasamfélagið og mun þeirri vinnu að mestu lokið þótt endurskoðuð stefna hafi ekki enn verið birt með formlegum hætti.¹⁾

Skattfyrirvöld hafa leitast við að vinna í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Á umliðnum árum hefur vinnubrögðum hvað varðar samskipti við skattborgara verið gjörbreytt. Á flestum sviðum skattstjórnsýslunnar hefur verið komið á rafrænni þjónustu og samskiptum að einhverju marki og á þeim sviðum þar sem umfangið er mest eins og við framtöl einstaklinga og lögaðila, skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu af launum og tryggingagjaldi hefur fullkomin gagnvirk þjónusta verið opnuð og á sumum þessara sviða



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri


hafa rafrænu samskiptin yfirtekið 80 - 90% af heildinni. Íslensk skatta- og tollayfirvöld hlutu 2001 viðurkenningu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir góðar lausnir á sviði rafrænnar stjórnsýslu.

Í ljósi þessa vakti það nokkra athygli þegar greint var frá því í fréttum að í skýrslu sem framkvæmdastjórn ESB hafði látið gera um stöðu rafrænnar stjórnsýslu á EES-svæðinu hefði Ísland vermt 14. sætið af átján. Hefði það mælst með 56% af 100% mögulegum. Í efstu sætunum voru Svíþjóð, Danmörk og Írland með 86% og 87% en neðst var Lúxemborg með 47%. Þessi niðurstaða bendir til þess að lítt hafi þokast áleiðis að því marki sem sett var í framtíðarsýninni og samrýmist illa þeirri viðteknu trú að á öllu sem viðkæmi tölvum og tölvunotkun ættum við vart jafningja.


Þetta sló okkur hjá RSK líka illa þar sem við höfðum staðið í þeirri trú að frammistaða okkar væri a.m.k. viðunandi í samanburði við það sem við þekkjum hjá skattfyrirvöldum í öðrum löndum og þykjumst hafa heimildir fyrir því að rafræn framtalsskil séu hvergi meiri á byggðu bóli.

Við nánari skoðun á skýrslunni kom ýmislegt í ljós sem skýrir málið að hluta. Skýrslan byggir á tiltölulega einföldu mati. Tekin eru til skoðunar 20 svið opinberrar þjónustu svo sem framtöl einstaklinga, útgáfa byggingarleyfa, flutningstill kynningar o.s.frv. og reynt að

Rafræn stjórnsýsla á EES svæðinu



Rafræn stjórnsýsla á Íslandi



meta á hvaða stigi rafræn þjónusta er á vefnum. Til grundvallar einkunn er lagður skali sem var þannig:

stig 0 = 0-24,

vefsíða stofnunar án upplýsinga um þjónustuna

stig 1 = 25-49

vefsíða með upplýsingum en án frekari þjónustu

stig 2 = 50-74

miðlun í aðra áttina, boðið upp á eyðublöð til prentunar

stig 3 = 75-99

miðlun í báðar áttir, skil á rafrænum upplýsingum

stig 4 = 100

verkefni að fullu lokið rafrænt.

Á þessum skala skoraði Ísland 1015 af 1800 mögulegum (tvö svið voru ekki talin með fyrir Ísland) eða 56%, sem ekki getur talist mikið og nokkuð fjarri því að við séum í fremstu röð, en 6 lönd, þar af 4 Norðurlandanna voru með 75% eða meira.

Nú er það svo að mælingar sem þessar eru ekki algildar og þær má ekki oftúlka. Í þessu tilviki er t.d. eingöngu mælt framboðið en ekki hvort hin rafræna þjónusta er notuð. Þannig fengum við sömu einkunn og Svíar (100) fyrir framtöl einstaklinga þótt yfir 80% framtala sé skilað þannig hér á landi en innan við 5% í Svíþjóð. Þá miðaðist matið ekki við alla rafræna þjónustu heldur eingöngu við vefinn.

Framtöl lögaðila þar sem yfir 90% framtala hafa komið inn rafrænt í nokkur ár gaf þannig aðeins 50% vegna þess að sú þjónusta var ekki á vefnum. Þrátt fyrir skýringar sem þessar verður því ekki neitað að þessi niðurstaða hlýtur að valda þeim vonbrigðum sem talið hafa rafræna miðlun bjóða upp á ný tækifæri til að bæta þjónustu.

Hvað rafræna þjónustu skattfyrivalda varðar getum við sæmilega við unað. Af þeim 18 sviðum sem metin voru fyrir Ísland fengum við einkunnina 100 í fimm skipti. Þar af var í þremur tilvikum um skattamál að ræða, þ.e. tekjuskatt einstaklinga, staðgreiðslu tryggingargjalds og virðisaukaskatt.²⁾ Auk þeirra var enn eitt verkefni af skattasviðinu, þ.e. framtöl lögaðila. Þar fengum við sem fyrr segir aðeins einkunnina 50 þrátt fyrir að vera með 90% rafræn skil. Meðaleinkunn "skattaverkefnanna" í könnuninni var því 87 eða 100% eftir því hvernig á er litið.³⁾

Þótt könnun þessi sé ekki neinn Stóridómur hljóta niðurstöður hennar að vera nokkurt áhyggju- og umhugsunarefni fyrir stjórnvöld, sem sett hafa sér háleit markmið á þessum vettvangi. Ekki einasta stöndum við illa í samanburði við aðrar þjóðir og erum langt frá því að vera í fremstu röð heldur voru litlar framfarir hjá okkur á síðustu árum í samanburði við aðra.⁴⁾

Eins og segir í upphafi skortir ekki á að æðstu stjórnvöld hafi mótað og sett fram stefnu. Hjá því verður ekki komist að spyrja hvernig tekist hafi til við að framkvæma hana og hvort sá framkvæmdarammi og hugsun sem farið hefur verið eftir sé að skila árangri. M.a.

má spyrja hvort miðstýring á fjármagni og miðstýrt val á verkefnum til að hljóta framgang sé árangursríkt fyrirkomulag eða hvort það hafi orðið til að ræna einstakar stofnanir eðlilegu frumkvæði og í reynd orðið til að hefta þróun á þeim sviðum þar sem gróska og geta var mest. Miðstýring ákvarðana um verkefni og fjármagn verður öðrum skjól til að vísa frá sér ábyrgð og ákvörðunum.

Pegar litið er á þau verkefni sem mæld eru í skýrslunni kemur í ljós að þau eiga það sameiginlegt að vera hversdagsleg og nálæg viðskiptavininum, höfða til stórs hóps viðskiptavina og vera stöðug. Lausn á þeim þarf að vera einföld og aðgengileg ef hún á að fá hljómgrunn. Ef slík lausn finnst er hún jafnframt hagræði fyrir viðkomandi stofnun. Þeir sem ráða ferðinni við þróun rafrænnar stjórnsýslu verða að spyrja sig þeirrar spurningar hvort miðstýring á þróunarvinnu og verkefnum sé rafrænni stjórnsýslu til framdráttar eða hvort ekki væri ráðlegra að skilja á milli annars vegar miðlægrar almennrar stefnumörkunar og hins vegar framkvæmdar í höndum þeirra stofnana sem eðli máls samkvæmt eiga að veita þjónustuna og þeim skapaður fjárhagslegur rammi sem tæki mið af þeim verkefnum sem til úrlausnar eru og stjórnunarlegar forsendur til að sinna þeim. Slík nálgun er vænlegri til raunverulegs árangurs og fellur auk þess betur að nútímalegum viðhorfum í opinberum rekstri og þeirra stefnu stjórnvalda að auka sjálfsforræði og ábyrgð einstakra stofnana.

1 Greinin er skrifuð áður en endurskoðuð stefna var kynnt.

2 Hin tvö verkefni sem fengu fullt hús stiga voru tollskýrslur og atvinnuumsóknir.

3 Vefskil á framtali rekstraraðila hafa nú verið tekin í notkun þannig að öll skattaverkefni eru með fullt hús stiga.

4 Samkvæmt skýrslunni erum við í 11. - 12. sæti hvað varðar breytingar frá 2001 til 2003.

Virðisaukaskatti skilað í gegnum vefbanka?



Sæmundur Guðmundsson á gjaldaskrifstofu ríkisskattstjóra hefur umsjón með rafrænum skilum á virðisaukaskatti. Hann segir að um 4.500 af þeim sem eru á virðisaukaskattsskrá hafi

sótt sér veflykla og það sé svipað hlutfall og hjá þeim sem skila rafrænt staðgreiðslunni. Þeir sem skila rafrænt séu undantekningarlaust mjög ánægðir með þessa þjónustu og það

hafi engin sérstök vandamál komið upp. Nú sé verið að leggja síðustu hönd á svokölluð skeytaskil á virðisaukaskatti. Þegar því er lokið verður hægt að skila virðisaukaskatti beint úr bókhaldsforritum á svipaðan hátt og boðið er uppá í staðgreiðslunni.

Þá segir Sæmundur að nú standi yfir tilraunir með að skila virðisaukaskattsskýrslunni beint úr vefbanka. Auk þess að geta farið inn á upplýsingavefinn hjá ríkisskattstjóra til að skila skýrslunni eigi að vera hægt að ganga frá skilum á skýrslunni og greiða í gegnum vefbankann. Þetta eigi að auðvelda skil og verða til aukinna þæginda fyrir gjaldendur. Það virki vonandi sem frekari hvatning fyrir fleiri til að skila með rafrænum hætti.

A screenshot of the Vefsk@l website. The header shows the logo 'Vefsk@l' and the text 'VIRÐISAUKASKATTUR' and 'rsk.is'. Below the header, there is a login form with fields for 'Kennitala:' (containing '2908705799') and 'Veflykil:' (containing '*****'). There are buttons for 'Innskráning' and 'Hreinsis'. Below the form, there is a section titled 'Til að fá aðgang þarf að slá inn kennitölu og veflykil.' followed by a box with the text 'SKOBA VEFSKIL VIRÐISAUKASKATTS' and instructions. At the bottom, there is a note: 'Ef þú lendir í einhverjum vandræðum með að sækja um veflykil þá geturðu sent tölvupóst á vefskil@rsk.is'.

Einfalt og aðgengilegt

Mikið hagræði af rafrænum skilum staðgreiðslu og virðisaukaskatts

Nú eru liðin tvö ár síðan gert var mögulegt að skila staðgreiðslunni rafrænt. Af þessu fyrirkomulagi er mjög mikið hagræði, bæði fyrir greiðendur og skattyfirvöld. Til að fræðast um hvernig þessi skil hafa gengið fyrir sig var leitað til Guðrúnar Elfu Þórðardóttur hjá ríkisskattstjóra, en rafræna staðgreiðslan hvílir hvað mest á hennar herðum.



Guðrún Elfa Þórðardóttir.

"Fyrstu rafrænu skilin voru 15. febrúar 2002 og fyrsta mánuðinn skiluðu einungis 230 á þennan nýja máta. Þáttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt, en þetta virðist þó gerast nokkuð hægar en vonir stóðu til. Í dag eru þeir sem skila staðgreiðslu rafrænt einungis 15% af heildarskilunum svo það er nokkuð augljóst að það þarf að gera betur.

Rafrænu skilin eru mjög aðgengileg og það eina sem þarf til að komast af stað er að sækja um veflykil á vefsíðu ríkisskattstjóra, rsk.is. Það er gert með því að fara inn á vefskil og fylla út þær upplýsingar sem óskað er eftir. Síðan er umsóknin einfaldlega prentuð út, undirrituð og send ríkisskattstjóra. Um leið og umsóknin er komin til ríkisskattstjóra er veflykillinn gerður virkur og þá má byrja að skila.

Flest launakerfin bjóða upp á svokölluð skeytaskil, en þá er veflykillinn settur í launakerfið og sendingin fer svo í gegnum það. Þá kemur fram kvittun um að krafa hafi verið send á Reiknistofu bankanna. Þá er annað hvort hægt að greiða í gegnum vefbanka eða fara til innheimtumanns og greiða kröfuna þar.

Til hagræðingar fyrir þá sem eru að vinna með launakerfi er opnað fyrir skil 20. hvers mánaðar, þannig að hægt er að senda gögnin um leið og launavinnslu hvers mánaðar lýkur. Það var gengið frá þessu á þennan hátt sérstaklega vegna bókara og endurskoðenda sem ganga frá launavinnslu mánaðarlega fyrir sína viðskiptamenn. Við höfum hvatt þá eindregið til að nýta sér þessi skil og þeim sem hafa tekið þetta upp líkar mjög vel. Í þessu felst mikill vinnusparnaður.

Það sem stundum vefst fyrir mönnum er reiknaða endurgjaldið hjá einstaklingum með rekstur á sinni eigin kennitölu. Rafræna útfyllingin á skilgreininni er frábrugðin útfyllingu skilgreinar sem skilað er á pappír. Í vefskilunum er sams konar útfylling fyrir þá sem greiða laun og hjá þeim sem eingöngu eru með reiknað endurgjald. En þetta er mjög einfalt og þegar búið er að gera þetta einu sinni er þetta leikur einn. Og svo er rétt að hafa í huga að ef einhver vandamál koma upp er einfaldast að hafa samband við okkur og við lóðsum þá sem þess óska í gegnum skilin. Það þarf ekki nema einu sinni því þetta er mjög einfalt og aðgengilegt og þeir sem hafa prófað þetta fara ekki aftur í pappírsskilin. Og svo er um að gera að nota vefbanka,

rafrænu skilin eru ekki fullnýtt nema með því að fara alla leið og greiða kröfuna í gegnum vefbanka.

Annars má segja að þetta hafi gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig, það er helst að einstaka sinnum hafa verið hnökrar á sambandinu við netþjóninn þ.e. notandinn kemst ekki inn á síðuna. Þegar þetta kemur upp á síðustu stundu í skilunum, þá er ráðlegt að hringja í þjónustusmann hjá ríkisskattstjóra. Til að liðsinna þeim sem lenda í vandræðum erum við með símaþjónustu síðasta skiladag til kl. 21.00. Það er rétt að benda á að það er alltaf hægt að greiða kröfuna og þannig koma í veg fyrir aukakostnað, þó svo að skýrslan komist ekki í gegn fyrr en næsta dag.

Það vantar enn upp á að þetta sé nægilega þægilegt samt sem áður. Þeir

sem senda á vefnum þurfa að prenta sundurliðunina út og eiga í sínu bókhalda en þeir geta ekki skoðað hana eftir að búið er að senda. Það væri mjög til bóta ef það væri hægt, en þá þarf að vera tryggt að aðrir geti ekki farið inn og skoðað þessar upplýsingar. Þá er spurning hvernig rafrænu skilin þróast yfir höfuð, hvort eitthvað kemur í staðinn fyrir veflyklana t.d.

Reynslan af rafrænum skilum á staðgreiðslu segir mér að fólk er tilbúið til að taka við þessu en það þarf að hvetja það til að byrja. Það hef ég heyrt frá mörgum sem ég hef haft samband við. Ég tel því að það þurfi að kynna þetta betur og finna leið sem virkar hvetjandi. "

Rit ríkisskattstjóra seld á netinu

SKATTALÖGIN



Hinn 7. maí 2003 tóku gildi lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt og koma þau í stað skattalaganna sem gilt hafa í rúma tvo áratugi (nr. 75/1981). Engar efnisbreytingar eru í hinum nýju lögum heldur eru greinar tölusettar upp á nýtt og lögin, með um 70 síðari breytingum, gefin út undir nýju númeri í Stjórnartíðindum.

Ríkisskattstjóri gaf af þessu tilefni út nýtt skattalagasafn tekjuskatts og eignarskatts, sem hefur að geyma lög, reglugerðir og auglýsingar er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda. Auk áður nefndra laga er þar að finna lög um fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslu, lífeyrisréttindi, tryggingagjald, bindandi álit, stjórnsýslulög og fleira.

**Bókin er 303 síður
og kostar 2.700 krónur.**

Virðisaukaskattur, vörugjöld og bifreiðagjöld

Í skattalagasafni virðisaukaskatts, vörugjalda, þungaskatts, bifreiðagjalds o.fl. gjalda, eru auk laga- og stjórnvaldsfyrirmæla birtar upplýsingar um grunnfjárhæðir í virðisaukaskatti.

**Bókin er 235 síður
og kostar 2.300 krónur.**



Bókhald og ársreikningar

Bókin um bókhald og ársreikninga skiptist í sex kafla sem hafa að geyma lög og reglugerðir um bókhald og ársreikninga, ákvæði í sérlögum og ákvæði í skattalögum um bókhald og uppgjör, auk annarra laga sem snerta þetta efni. Einnig reglur reikningskilaráðs.

**Bókin er 384 síður
og kostar 2.800 krónur.**

Útleiga á vinnu



GUÐRÚN J.
JÓNSDÓTTIR

Sjálfsgagt hefur það ekki farið framhjá mörgum að á Austurlandi standa yfir umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir. Um ýmsar hliðar þessara framkvæmda hefur mikið verið fjallað og sitt sýnist hverjum. Tengt þessu hefur verið mikil umfjöllun í fjölmiðlum og í solum Alþingis um skattskyldu erlendra manna sem vinna hér á landi tímabundið og á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli. Í þessari umræðu hafa komið fram ólíkar skoðanir og fullyrðingar um skattskyldu og skattskil þessara manna og hver sé réttur aðili til að halda eftir staðgreiðslu af launum sem greidd eru fyrir þessa vinnu og greiða til ríkissjóðs. Í þessum pistli verður reynt að varpa ljósi á þau skattalegu álitæfni sem tengjast útleigu á vinnuafli og hver sé gildandi réttur á þessu sviði hér á landi.

Hugtak og álitæfni

Útleiga á vinnuafli er það kallað þegar rekstraraðili hér á landi ræður til sín erlent vinnuafli í gegnum erlendan millilið. Hinn erlendi milliliður gefur sig þannig út fyrir að vera launagreiðandi erlenda vinnuafllsins. Með þessum hætti hefur verið unnt að komast hjá skattlagningu vinnulaunanna í því ríki sem vinnan er innt af hendi í.

Síðustu ár hefur þetta fyrirkomulag orðið æ algengara í þeim ríkjum þar sem laun og launatengd gjöld eru há. Rekstraraðilar sjá hag sinn í því að fá ódýrara vinnuafli erlendis frá og ná þannig að lækka rekstrarkostnað. Útleigu á vinnuafli verður vart í mörgum atvinnugreinum s.s. iðnaði hvers konar og þá helst byggingariðnaði. Þá hefur hin síðari ár orðið algengara að flugliðar

og flugvirkjar séu ráðnir í gegnum svokallaðar áhafnaleigur.

Þau skattalegu álitæfni sem hér koma til skoðunar eru einkum af þrennum toga. Í fyrsta lagi þarf að skera úr um hver sé skattaleg staða þeirra starfsmanna sem starfa hér á landi á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli. Í öðru lagi þarf að skoða hverjar séu skattalegar skyldur rekstraraðilans sem nýtur starfskrafta vinnuafllsins og í þriðja lagi hver sé skattaleg staða erlendu starfsmannaleigunnar.

Skattaleg staða erlendra starfsmanna

Samkvæmt íslenskum lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003 er skattskylda erlendu starfsmannanna skýr og óumdeild. Hún byggir annað hvort á 1. mgr. 1. gr. (full og ótakmörkuð skattskylda) eða 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 (takmörkuð skattskylda).

Með fullri og ótakmarkaðri skattskyldu er átt við skyldu til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sama hvar þeirra er aflað og eignarskatt af öllum eignum sama hvar þær eru staðsettar. Með takmarkaðri skattskyldu er átt við skyldu til að greiða tekjuskatt af þeim tekjum sem eiga uppruna sinn hér á landi, þ.e. fyrir þá vinnu sem innt er af hendi á Íslandi. Svokölluð 183 daga regla er notuð til að meta hvort starfsmennirnir eru skattskyldir skv. 1. gr eða skv. 3. gr. áður nefndra laga. Reglan felur í sér að þeir sem dvelja hér á landi lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili bera hér fulla og ótakmarkaða skattskyldu, þeir sem dvelja hér styttra bera takmarkaða skattskyldu.

Með 2. gr. laga nr. 145/1995, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var gerð breyting á 3. gr. laga nr. 75/1981 (nú 3. gr. laga nr. 90/2003). Með breytingunni var sérstaklega kveðið á um skattalega stöðu þeirra launþega sem koma hing-

að til lands til að vinna á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli í skemmri tíma en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Í greinargerð með frumvarpi að nefndum breytingalögum kom fram svohljóðandi skýring: "Um langt skeið hefur alþjóðleg útleiga vinnuaflls leitt til ýmissa vandkvæða í skattframkvæmd. Hér er um það að ræða að rekstraraðili sem óskar eftir því að ráða erlent vinnuafli í skemmri tíma en 183 daga ræður starfskraft í gegnum erlendan millilið. Milliliðurinn gefur sig út fyrir að vera vinnuveitandi og leigir út vinnuaflið til rekstraraðilans. Með breytingunni er gert ráð fyrir að launþegi sem þannig hagar til um verði skattskyldur hér á landi á grundvelli 3. gr. Launagreiðandi hans (hinn innlendi rekstraraðili) ber ábyrgð á staðgreiðslu af launum hans eins og annarra launamanna sem starfa hér tímabundið. Þetta er í samræmi við sambærileg ákvæði tvísköttunarsamninga og er lagt til að tekin verði af tvímæli um að menn sem svo háttar um sem að framan er lýst verði ótvírætt taldir skattskyldir hér á landi. Sú regla er í samræmi við gildandi framkvæmd og því ekki breyting að því leyti." Sú breyting sem gerð var á 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt var því ekki efnisbreyting í sjálfu sér heldur var eingöngu verið að staðfesta þá framkvæmd sem þegar var í gildi.

Skattfyrirvöld eiga að meta í sérhverju tilviki hvort samband starfsmannanna og rekstraraðilans sé með þeim hætti að um samband launþega og launagreiðanda sé að ræða í skattalegu tilliti, sbr. hér síðar. Sé niðurstaða könnunarinnar sú að rekstraraðilinn sé eiginlegur launagreiðandi starfsmannanna er lítið á hina erlendu starfsmenn sem starfsmenn rekstraraðilans í skattalegu tilliti.

Starfsmennirnir eru í þessum tilvikum eins og hverjir aðrir launþegar á íslenskum vinnuafli og þurfa að

sæta afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda af þeim launum sem þeir fá greidd vegna vinnu sinnar hér á landi, en nánar verður vikið að því efni hér síðar. Þá ber þeim að greiða í lífeyrissjóð hér á landi skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóðanna og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 90/2003 ber þeim skylda til að skila inn skattframtali vegna tekna sinna til íslenskra skattfyrivalda annað hvort í venjulegum framtalsfresti, séu þeir á landinu á þeim tíma eða áður en þeir fara úr landi. Álagning opinberra gjalda fer annað hvort eftir 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hafi launþegarnir verið heimilisfastir allt árið hér á landi eða 2. mgr. 69. gr. sömu laga hafi þeir verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins eða bera hér takmarkaða skattskyldu sbr. og 1. tölul. 70. gr. áður nefndra laga.

Skyldur rekstraraðila

Eins og kom fram hér að framan er litið svo á að í skattalegu tilliti sé hinn innlendi rekstraraðili launagreiðandi erlendu starfsmannanna enda leiði könnun á starfssambandi aðila það í ljós. Með könnun á starfssambandi rekstraraðilans og erlendu starfsmannanna er leitast við að upplýsa eftirtalin atriði:

- " Hver ber húsbóndaábyrgð á störfum starfsmannanna?
- " Hver ber ábyrgð á starfi með tilliti til verkefna, er áherslan á tiltekinn árangur í starfi - verklok eða vinnuframlag?
- " Hver hefur verkstjórn eða tekur ákvörðun um framkvæmd starfa, svo sem hvar og hvenær vinna er unnin?
- " Hver ræður fjölda starfsmanna?
- " Er um persónulega vinnuskyldu einstakra starfsmanna að ræða?
- " Hvar er vinna innt af hendi, er það á starfsstöð rekstraraðilans undir umsjón og á ábyrgð hans?
- " Hvert er viðmið endurgjaldsins til



leigufyrirtækisins, er viðmið vinnutími starfsmanna auk þóknunar?

" Hver leggur til verkfæri og efni?

Þetta er þó ekki tæmandi taling á þeim atriðum sem koma til skoðunar við könnun á sambandi rekstraraðila og starfsmanna. Sé niðurstaða þessarar könnunar sú að raunverulegt samband rekstraraðila og starfsmanns sé samband launagreiðanda og launþega ber launagreiðandinn/rekstraraðilinn allar skyldur sem launagreiðendur bera samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóðanna og starfsemi lífeyrissjóða. Svo rekstraraðilinn geti sinnt skyldum sínum sem launagreiðandi skv. framangreindum lögum verður hann að afla upplýsinga frá erlendu leigufyrirtækinu eða eftir atvikum starfsmönnum sjálfum um hver laun þeirra séu.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 3. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er kveðið á um að þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfanglauslausa menn beri ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Rekstraraðilinn ber samkvæmt þessu ákvæði ábyrgð á skattgreiðslum þeirra erlendu manna sem hann hefur í þjónustu sinni.

Skattskylda erlenda leigufyrirtækisins

Leiði fyrrgreind könnun á sambandi rekstraraðila og starfsmannanna í ljós að raunverulegt samband þeirra á milli er ekki samband launþega og launagreiðanda kemur tvennt til greina.

Annars vegar getur verið að hið erlendu leigufyrirtæki reki hér á landi fasta starfsstöð og sé því skattskyldt hér á landi skv. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim tilvikum verður leigufyrirtækið skattskyldt hér á landi af þeim tekjum sem tilheyra föstu starfsstöðinni og er launagreiðandi allra þeirra starfsmanna sem leigufyrirtækið hefur við störf á Íslandi í skilningi laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um tryggingagjald og skyldutryggingu lífeyrissjóðanna og starfsemi lífeyrissjóða. Leigufyrirtækið ber þá samskonar skattalegar skyldur og hvert annað innlent fyrirtæki og er álagning opinberra gjalda með sama hætti og um innlenda aðila væri að ræða.

Ef umfang starfseminnar er hins vegar ekki með þeim hætti að um rekstur á fastri starfsstöð sé að ræða ber hin erlendu vinnuleiga skattskyldu hér á landi á grundvelli 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Hún þarf að sæta afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda af hálfu innlenda rekstraraðilans sem kaupir

þjónustuna, sbr. 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessi staðgreiðsla á einnig við í þeim tilvikum þegar rekstraraðilinn telst vera launagreiðandi og greiðir auk launa starfsmannanna þóknun til erlenda leigufyrirtækisins. Rekstraraðilan- um ber þá skylda til að draga staðgreiðslu af þeim hluta reiknings leigufyrirtækisins sem telst vera þóknun. Hafa þarf þó í huga að tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki geta haft áhrif á skattlagningu erlenda leigufyrirtækisins sé það heimilisfastur og skattskyldur aðili í samningsríki Íslands.

Ákvæði tvísköttunarsamninga um útleigu á vinnuafli

Ísland hefur gert 22 tvísköttunarsamninga við 26 ríki. Allir þessir samningar hafa verið birtir og hafa því tekið gildi hér á landi. Samningsfyrirmynd Íslands byggir að mestu leyti á samningsfyrirmynd OECD og er því greinargerð með OECD samningsfyrirmyndinni notuð sem skýringargagn með þeim samningum sem Ísland hefur gert. Samningararnir eru því ekki samhljóða og verður að skoða ákvæði þeirra í hverju tilviki fyrir sig.

Í tvísköttunarsamningunum sem Ísland hefur gert er almenna reglan varðandi skattlagningu vinnulauna sú, að vinnuríkið (það ríki sem vinnan er innt af hendi í) hefur eitt heimild til að skattleggja launin fyrir vinnuna. Heimilisfestarríki launþegans má eingöngu skattleggja launin ef að launþeginn hefur dvalið í vinnuríkinu innan við 183 daga og þá aðeins ef launin eru ekki greidd af eða fyrir hönd aðila sem heimilisfastur er í vinnuríkinu. Með hugtakinu "aðila" í orðunum "greitt af aðila eða fyrir hönd aðila" er átt við þann sem endanlega ber kostnaðinn af vinnu starfsmannanna. Í þeim tilvikum sem um útleigu á vinnuafli er að ræða er ljóst að sá sem ber endanlega kostnaðinn af vinnu starfsmannanna er sá sem fær vinnuaflið leigt, rekstraraðilinn. Þessi túlkun er í samræmi við túlkun OECD og greinargerð með OECD samningsfyrirmyndinni. En í greinargerðinni með samningsfyrirmyndinni er einmitt mælt fyrir um að könnun á

starfssambandi rekstraraðila og launþeganna fari fram sbr. framangreint svo að 2. mgr. 15. gr. í samningsfyrirmyndinni verði ekki misbeitt í skattasniðgöngusjónarmiði.

Tvísköttunarsamningurinn sem í gildi er milli Norðurlandanna er skýrari hvað þetta varðar. Í 2. mgr. 15. gr. þess samnings er kveðið á um að vinnuríkið skattleggi laun fyrir vinnu sem innt er af hendi í því ríki nema launþeginn hafi dvalið í vinnuríkinu skemur en 183 daga á 12 mánaða tímabili og endurgjaldið hafi verið greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í vinnuríkinu, og endurgjaldið sé ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð sem vinnuveitandinn hefur í vinnuríkinu og ekki sé um útleigu á vinnuafli að ræða.

Íslensk dóma- og úrskurðaf framkvæmd

Mér vitanlega hafa álitafni af þessum toga ekki enn komið til kasta íslenskra dómstóla eða yfirséðanefndar. Hins vegar var á árinu 2003 kveðinn upp í Hæstarétti Danmerkur dómur sem fjallar um skattlagningu vinnulauna tveggja erlendra sérfræðinga sem störfuðu á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli. Dómurinn er reifaður hér í stuttu máli þar sem ætla má að túlkanir á dönskum skattalögum varðandi þetta efni geti haft leiðbeiningargildi enda lagaákvæði íslenskra og danskra laga keimlík hvað þetta álitafni varðar.

Málavextir eru þeir að danskt hlutfélag (sem var útibú þýsks félags sem var svo aftur dótturfélag bandaríks félags) starfrækti leigu á sérhæfðum búnaði til nota á olíu- og gasborpöllum. Danska félagið útvegaði tvo sérhæfða starfsmenn frá ameríska móðurfélaginu til að stýra þessum sérhæfða búnaði sem danska félagið leigði til nota á borpöllum. Þessir tveir sérfræðingar störfuðu í Danmörku á árinu 1999 í 71 dag annars vegar og 30 daga hins vegar. Vinnulaun þeirra vegna þessara starfa voru skattlögð í þeirra heimaríkjum, Bandaríkjunum og Kanada. Danska félagið hafði ekki húsbóndavald yfir þeim og greiddi eingöngu fyrir þjónustu þeirra samkvæmt reikningum frá hinu ameríska félagi.

Í dóminum kemur fram að óumdeilt

sé að sérfræðingarnir séu skattskyldir í Danmörku vegna launa sem greidd eru fyrir vinnu þeirra þar, sbr. c-lið 1. mgr. 2. gr. og h-lið 2. mgr. 42. gr. í kildeskatteloven. Þá kemur einnig fram að í tvísköttunarsamningunum sem í gildi voru milli Danmerkur og Bandaríkjanna og Danmerkur og Kanada væri ekki sérstaklega kveðið á um hvernig skattlagningarrétti vinnuríkis væri háttað þegar um væri að ræða samninga um útleigu á vinnuafli.

Meirihluti hæstaréttar tók undir það með dönskum skattyfirvöldum að danska félagið teldist vera launagreiðandi sérfræðinganna. Þar sem tvísköttunarsamningarnir hefðu ekki að geyma sérstök ákvæði um útleigu á vinnuafli væri það undir dönskum skattyfirvöldum komið að túlka, í samræmi við danskan rétt, hver væri launagreiðandi sérfræðinganna í þessu tilviki. Þá töldu dómarnir að túlkun danskra skattyfirvalda væri í góðu samræmi við þróunina almennt í skýringum og túlkunum á sviði alþjóðaskattaréttar og greinargerð samningsfyrirmynda OECD, sem var nýrri en tvísköttunarsamningar þeir sem hér komu til álita.

Í minnihlutaatkvæði hæstaréttar (tveir dómarnir) var hins vegar fallist á það með danska félaginu að móðurfélagið bandaríska væri launagreiðandi sérfræðinganna. Hins vegar hefði danska ríkið skattlagningarrétt á þeirri greiðslu sem móðurfélagið fengi fyrir að útvega sérfræðingana. Í röksemdum minnihlutans kom fram að tilgangurinn með tvísköttunarsamningum væri að koma í veg fyrir að hindranir væru settar við frjálsu flæði vinnuafis og því bæri að túlka samningana með það markmið í huga. Minnihlutinn tók fram að umfjöllun um útleigu á vinnuafli í greinargerð samningsfyrirmynda OECD ætti eingöngu við í skattasniðgöngumálum og um það hefði ekki verið að ræða í þessu tiltekna máli. Þá fann minnihlutinn að því að dönsk skattyfirvöld hefðu ekki kannað afstöðu bandarískra og kanadískra skattyfirvalda og leitað eftir samkomulagi við þau yfirvöld um það hvernig haga bæri skattlagningu í þessu tilviki.

molar

Molar

Ný reiknivél á vefnum

Undanfarin misseri hafa verið settar ýmsar reiknivélar inn á rsk.is. Um nokkurt skeið hafa verið til staðar fimm slíkar þar sem hægt er að reikna út staðgreiðslu, barnabætur, vaxtabætur, bifreiðagjald og þungaskatt.

Nú hefur sjötta reiknivélin bæst við sem er fyrir útreikning á meðalkaupverði hlutabréfa. Sá útreikningur þykir flókin og hefur vafist fyrir mörgum. Nýja reiknivélin léttir það verk verulega auk þess sem hún reiknar söluhagnað eða sölutap. Reiknivélin má finna á síðunni rsk.is/hlutabref þar sem einnig er hægt að finna stuðla fyrir jöfnunarverðmæti og verðbreytingarstuðla hlutabréfa, sem er líka nýtt á vefnum.

KAUÐAR	MÍNUSUÐ	KAUFREIÐ	VERÐI- ST. BULL	FRAMBREIÐING KAUFREIÐ
1998	10.000	10.000	1.250	12.500
1999	10.000	20.000	1.167	22.884
1998	0.000	10.000	1.000	10.000
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0
	0	0	0	0

Stærst áhrifarkostnað 10.000 Stærst áhrifabætur 12.500*
Stærst áhrifabætur 40.000 Jöfnunarverðmæti hlutabréfa 62.225*

Inneignir á bankareikninga

Í netframtali er einstaklingum nú gefinn kostur á því að tilgreina bankareikning til móttöku inneigna sem kunna að myndast, en í ár eins og undanfarin ár má búast við að stór hluti skattgreiðenda fái greiðslu frá skattinum í stað þess að þurfa að borga. Auk þess að vera til hagræðis fyrir einstaklingana mun það fyrirkomulag, að borga í ríkara mæli inneignir beint inn á bankareikninga, spara ríkissjóði talsverða fjármuni, enda dýrara að senda fólki tékka heldur en að greiða beint inn á reikning. Þess má geta að Svíar beita sömu aðferð, þ.e. að bjóða fólki upp á að gefa upp banka-reikninga sem inneignir verða síðan borgaðar inn á.

Flutningur Skatteftirlits Ríkisskattstjóra

Frá árinu 1997 hefur verið starfrækt hjá ríkisskattstjóra sérstök eftirlitseining sem séð hefur um skatteftirlit á landsbyggðinni. Hefur hún sinnt eftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanesumdæmis. Hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi hefur þó um nokkurt skeið verið staðsettur eftirlitsfulltrúi sem hefur annast skatteftirlit í því umdæmi. Fjármálaráðherra hefur nú ákveðið að flytja þessa starfsemi frá ríkisskattstjóra til tveggja skattstjóra, annars vegar skattstjóra Vesturlandsumdæmis og hins vegar skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

Skattrannsókn - hertar reglur

Upp hafa komið þau tilvik að skattaðilar hafa ekki sinnt kalli skattrannsóknarstjóra og komið sér hjá að mæta til skýrslugjafar þar á bæ. Þetta getur þýtt töf á málum og skapað vandræði við að upplýsa málsatvik. Nú hefur fjármálaráðherra með grein í nýju skattalagafrumvarpi lagt fram tillögu til breytinga á lögnum í því skyni að koma í veg fyrir að þannig ástand skapist. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir að lögreglu verði skylt að færa mann til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Ákvæðið er sambærilegt því úrræði sem er til staðar þegar kveðja þarf mann til skýrslugjafar hjá lögreglu eða þegar tryggja þarf að maður mæti við aðfarargerð.

Umhverfisvæn skattskil

Í ár er fjórða árið sem framteljendum er boðið upp á að afþakka að fá sent til sín pappírframtal. Fyrsta árið sem framteljendum bauðst þessi afþökkunarmöguleiki, þ.e. árið 2001 afþökkuðu 23.963 einstaklingar. Árið 2002 voru þeir orðnir 37.416 og í fyrra voru þeir 53.405.

Að þessu sinni er framteljendum jafnframt boðið að afþakka álagningarseðilinn auk þess sem unnt er að gera veflykilinn varanlegan og nota hann til allra samskipta við skattinn, þ.m.t. til að senda inn kæru. Þar með hefur verið lagður grunnur að algerlega pappírslausum samskiptum milli borgara og skattfyrvalda. Vonir standa því til að þeim fjölgi enn sem snúi baki við samskiptum á pappírformi og taki umhverfisvæn og hagkvæm skattskil.

Virðisaukaskattur af rafrænni þjónustu



ELÍN
ÁRNADÓTTIR

Höfundur er
lögfræðingur og
starfar á
endurskoðunar-
skrifstofu
Pricewaterhouse
Coopers hf.

Pann 1. júlí 2003 tók gildi innan Evrópusambandsins tilskipun nr. 2002/38/EC, frá 7. maí 2002, sem er breyting á tilskipun 77/388/EEC um virðisaukaskatt. Reglurnar sem hér er fjallað um varða sölu á rafrænni þjónustu til ESB landa. Hefur skattskyldan verið færð af kaupandanum yfir á seljandann og er gerð sú krafa að seljendur slíkrar þjónustu innan ESB svæðisins skrá sig í einhverju ESB landanna. Þetta á þó eingöngu við þegar salan er til óskattskyldra aðila. Ef sala á rafrænni þjónustu er einungis til vsk. skyldra aðila er skráningarskyldan ekki fyrir hendi.

Fyrirtæki sem selja rafræna þjónustu til óskattskyldra aðila sem búa á ESB svæðinu þurfa að taka upp virðisaukaskattsskráningu í einhverju aðildarríkjanna og borga þar virðisaukaskatt. Þetta á við jafnvel þó þau hafi þar enga fasta starfsstöð og enga aðra starfsemi en t.d. að bjóða upp á niðurhal tónlistar af vefsíðu sinni gegn greiðslu og svo

vilji til að aðili búsettur innan ESB kaupi þá þjónustu af síðunni. Tilskipun Evrópusambandsins er í samræmi við stefnu OECD um að álagning neysluskatta vegna rafrænnar þjónustu skuli fara fram í því landi sem neyslan á sér stað. Hins vegar hafa áhöld verið um það hver ætti að greiða skattinn, neytandinn sjálfur (eins og staðan er á Íslandi í dag, og er í raun ekki framfylgt nema að takmörkuðu leyti) eða seljandi þjónustunnar. Niðurstaða ESB var sú að þessi kvöð yrði lögð á þann sem selur þjónustuna og var tilskipunin sett í tilefni af því. Á þessi skattlagning að leiða til jafnari samkeppnisstöðu fyrirtækja utan og innan ESB.

Allir sem standa utan ESB og selja einhverja rafræna þjónustu til aðila sem ekki eru vsk. skráðir innan aðildarríkjanna þurfa því að skrá sig. Þetta á við t.d. um sölu til einstaklinga og opinberra stofnana. Hins vegar fellur sala til virðisaukaskattskyldra fyrirtækja utan ákvæðisins, þ.e. ef fyrirtæki selur eingöngu til vsk. skyldra fyrirtækja (B-B viðskipti).

Þjónustan er ekki tæmandi talin hér, en hér er t.d. átt við sölu á hugbúnaði, tónlist, rafbókum, leikjum og hvers konar áskrift að vefsíðu gegn gjaldi, þ.e. öll sala þjónustu sem er afhent með rafrænum hætti.

Afleiðingar þess að fylgja ekki reglunum geta orðið mjög afdrifaríkar fyrir fyrirtækin ekki síður en viðskiptamenn þeirra. Þó er fullyrft að til að byrja með

verði fyrirtækjum gefinn einhver aðlögunartími, enda hafa ekki öll aðildarríkin ennþá uppfyllt skilyrði til skráningar.

Hvernig er framkvæmdin?

Af hálfu ESB er því haldið fram að framkvæmdin sé næsta einföld og boðið verði upp á alla skráningu og afgreiðslu vsk. skila með rafrænum hætti. Fyrirtæki hafi val um það í hvaða landi þau skrái sig og gildi sú skráning fyrir allt ESB svæðið.

Það er mjög mismunandi milli landa hversu aðgengileg og skilvirk stjórnsýslan er. Sum ríkjanna bjóða til að mynda einungis upp á vefsíðu á sínu móðurmáli á meðan önnur bjóða upp á fleiri tungumál, s.s. ensku og enn önnur hafa ekki tilbúna vefsíðu fyrir skráningu og skil. Einnig þarf að gæta að því að í sumum löndum eru mismunandi vsk. þrep, eftir því um hvaða sölu er að ræða, t.d. bækur á lægra þrepi en hugbúnaður eða tónlist. Álagning vsk. ræðst ekki af því í hvaða landi skráningin er heldur því hvar neytandinn er búsettur. Þurfa seljendur því að hafa upplýsingar um það í hvaða landi hver einstakur kaupandi býr og innheimta vsk. samkvæmt því. Skattyfirvöld í því landi sem seljandinn er skráður sjá síðan um að deila vsk. greiðslunum til viðkomandi ríkja. Virðisaukaskattsskilin eru ársfjórðungslega og gildir það í öllum löndunum. Á töflunni hér á eftir má sjá hversu mismunandi vsk. hlutfallið er í hverju landi:

VSK Í ESB LÖNDUM

LAND	VSK
Austurríki	20%
Belgía	21%
Bretland	17,50%
Danmörk	25%
Finnland	22%
Frakkland	19,60%
Grikkland	18%
Holland	19%
Írland	21%
Ítalía	20%
Luxemborg	15%
Portúgal	19%
Spánn	16%
Svíþjóð	25%
Þýskaland	16%

Auknar kröfur til seljenda

Ljóst er að með þessum reglum eru gerðar verulegar kröfur til seljenda þjónustu sem hér fellur undir um að afla

upplýsinga um búsetu kaupenda. Benda ráðgjafar ESB á að slíkar upplýsingar megi fá með greiðsluupplýsingum, hvert er reikningurinn sendur, hvert er aðsetur greiðandans t.d. upplýsingar um kreditkort. Einnig geti fyrirtækin notast við hugbúnað sem gefi til kynna hvar notandinn er staðsettur.

Afleiðingar þess að taka ekki upp skráningu og skil á skattinum geta verið þungar sektir og álögur og fer það eftir vsk.lögum hvers ríkis hvernig því er beitt og framfylgt. Í Belgíu til að mynda, getur sekt numið 200% af vangreiddum virðisaukaskatti, auk dráttarvaxta.

Nú má spyrja hvort líklegt sé að eftirfylgni með þessum reglum geti verið skilvirk. Og því er til að svara að auðvitað er það svo að ekki er vænlegur rekstur sem tekur slíka áhættu enda vilja flest fyrirtæki hafa skattskil með réttum hætti. Það fer eftir skilvirkninni í hverju landi hver eftirfylgnin er og víðast hvar hafa skattfyrirvöld val um það hvort þau krefja kaupandann eða selj-

andann um greiðslu. Ríki hafa oft samið um gagnkvæma aðstoð í skattamálum og fylgja því eftir ef þörf krefur.

Hvar er best að skrá sig?

Á vegum PricewaterhouseCoopers hefur verið gerð könnun á því hvar skráning virðist vera vænlegust. Niðurstaðan er sú að Belgar og Bretar standa sig hvað best er varðar aðgengileika; síðurnar eru a.m.k. á ensku, reglurnar eru útskýrðar, vísað er til laga-texta, boðið er upp á aðstoð símleiðis, greiðslumynt er evra eða breskt pund. Hægt er að sækja um skráningu og skila greiðslum með rafrænum hætti. Eftirfarandi eru slóðir skattfyrivalda í viðkomandi löndum:

Belgía:

https://193.178.200.58/eservices_internet/index.jsp

Bretland:

<http://www.hmce.gov.uk/forms/budgetnotices/bud-2003.htm#Notices>

Keilukeppni

Sá sögulegi atburður átti sér stað á vordögum að keilulið ríkisskattstjóra sigraði keilulið skattstofunnar í Reykjavík í hinni árlegu keilukeppni milli embættanna. Kvinnalið ríkisskattstjóra sigraði með rúmlega 20 stiga mun og karlalið ríkisskattstjóra rétt marði sigur og munaði einungis 5 stigum.

Í karlaliði FRÍSK voru (talið frá vinstri):

Svanur Sigurðsson
Benedikt Þórðarson (vantar á mynd)
Óskar Hafliði Ragnarsson
Ari Ísberg

Í kvinnaliði FRÍSK voru (talið frá vinstri):

Anna P. Guðmundsdóttir
Helga Finnbogadóttir
Guðrún Jenný Jónsdóttir
Sigríður Líney Lúðvíksdóttir

Í kvennakeppni sigraði Agla Smith og Trausti Hermannsson í keppni karla þau eru bæði hjá Skattstofunni í Reykjavík



Rafræn persónuskilríki

BRAGI LEIFUR HAUSSON
OG JÓN H. STEINGRÍMSSON

Rafræn auðkenning

Embætti ríkisskattstjóra hefur haft nokkurt frumkvæði að rafrænni þjónustu við almenning og rafrænni stjórn-sýslu á undanfórnum árum. Vefskil og önnur rafræn þjónusta njóta mikilla vinsælda hjá einstaklingum og fyrirtækjum og eykst notkun stöðugt.

Við móttöku og meðhöndlun gagna sem berast með rafrænum hætti er lyk-ilatriði að hægt sé að bera kennsl á sendandann með öruggum hætti. Hjá ríkisskattstjóra hafa einkum verið notaðar tvær aðferðir til þess. Annars vegar einfaldir veflyklar og hins vegar rafræn skilríki.

Fagframteljendur hafa fengið sérstök rafræn skilríki sem byggja á eigin umsjón embættisins og hafa gildi svo lengi sem utanumhaldskerfinu er haldið við. Einstaklingar hafa hins vegar fengið úthlutað veflyklum sem sendir eru þeim í bréfaþósti. Þessir veflyklar voru upphaflega einnota, þ.e. eingöngu til að opna einstaklingi leið til skila en hafa smám saman fengið aukið gildi og veitt handhöfum aðgang að meiri þjónustu.

Vefskil 2004

Næsta skref á þróunarbrautinni er að framlengja gildistíma veflykla einstaklinga og verður það mögulegt eftir skil á vefframfali. Úthlutað hefur verið veflykli á hvern einstakling, þ.e. hjón fá hvort sinn veflykil. Þeir sem það kjósa geta breytt sínum veflykli með því að velja eigið lykilorð og þannig gert hann varanlegan. Með varanlegan veflykil að vopni mun einstaklingur ekki eingöngu geta skilað framtali heldur getur hann sent inn leiðréttingar síðar, skoðað framtalið og fyrri framtöl hvenær sem er, nálgast álagningarseðla á vefnum og sent inn kæru með rafrænum hætti. Þannig mun hann geta sinnt öllum sínum samskiptum við skattinn með rafrænum hætti og gert draum þekkrar myndasögupersónu að sínum veruleika. Hér er átt við þann draum Smáfólkspersónunnar Snoopy að láta fjarlægja sig af póstlista skattyfirvalda. Gera má því skóna að meiningin hjá honum hafi þó verið önnur!



Vegabréf á vefnum

Þegar fram líða stundir mun hver og einn einstaklingur geta nálgast öll skattagögn um sjálfan sig rafrænt, hvort sem um er að ræða framtöl, álagningu, kærur, fyrirsurnir eða svarbréf skattkerfisins við erindum hans. Fyrstu skrefin verða stigin með varanlegum veflyklum, sem áður var minnst á. Í núverandi mynd hafa veflyklarnir hins vegar ákveðna galla sem takmarka notagildið. Þeir hafa t.d. þann veikleika að upphafleg úthlutun þeirra hefur farið fram með bréfaþósti sem felur í sér hættu á misnotkun. Veflyklar bjóða ekki upp á dulkóðun upplýsinga né örugga auðkenningu og undirritun í tölvupósti eins og rafræn skilríki, en beint samband við viðskiptavini í tölvupósti er tvímælaust þáttur í aukinni þjónustu opinberra stofnana. Veflyklakerfi er ekki vel fallið til sameiginlegra nota fleiri en einnar stofnunar og gilda því einungis í samskiptum einstaklinga og viðkomandi stofnunar.

Aukin rafræn þjónusta, þ.m.t. aukinn aðgangur að persónulegum upplýsingum, bæði hjá skattinum og hjá öðrum opinberum stofnunum, kallar á aukið öryggi við umsýslu upplýsinga og aðgang að þeim. Fyrirsjáanlega væri mikið hagræði af því, bæði fyrir einstaklinga sem og opinberar stofnanir ef ríkið myndi eiga og reka eitt sameiginlegt aðgangsstýringar- og auðkenningar-kerfi fremur en að hver og ein stofnun hafi með höndum eigin útgáfu og umsjón með veflyklum. Þá þyrfti hver einstaklingur ekki að hafa undir höndum marga slíka til aðgangs að rafrænum upplýsinga- og samskiptakerfum opinberra stofnana. Af framansögðu má vera ljóst að framtíðin liggur í að borgararnir hafi undir höndum rafræn persónuskilríki sem gefin væru út með sama hætti og hefðbundin skilríki, þ.e. með undirritun og afhendingu augliti til auglitis að undangenginni öruggri auðkenningu. Þessi rafrænu persónuskilríki myndu síðan eftir atvikum opna aðgang að allri rafrænni þjónustu hins opinbera og verða þannig vegabréf á vefslóðum.

Samstarfshópur um rafræn skilríki

Sú framtíðarsýn sem lýst er hér að framan hefur verið hvatinn að samstarfi nokkurra ríkisstofnana um athugun á fýsileika þess að innleiða sameiginleg og fjölnota rafræn skilríki til samskipta einstaklinga og fyrirtækja við opinberar stofnanir. Þær stofnanir sem um ræðir eru auk ríkisskattstjóra, fjármálaráðuneyti, Fasteignamat ríkisins, Fjársýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Tollstjórinn í Reykjavík og Tryggingastofnun ríkisins. Síðar bættist Fiskistofa í hópinn en samstarfshópurum til ráðgjafar hefur verið fulltrúi Lög-gildingarstofu." Þetta samstarf hófst á vormánuðum 2002 og var í byrjun lagt kapp á að kortleggja annars vegar þörfina fyrir öryggi við móttöku, meðhöndlun og sendingu upplýsinga með rafrænum hætti og hins vegar kostnaðinn sem stofnanir hafa af því að miðla og

- vegabréf á vefslóðum

vinna með upplýsingar eftir hefðbundnum leiðum, þ.e. að skiptast á bréfum og skrá sérstaklega inn í hlutaðeigandi kerfi með handafli.

Ljóst er að þær stofnanir sem aðild eiga að samstarfshópnum eru allar að meira eða minna leyti að veita þjónustu og eiga samskipti við borgara og fyrirtæki. Í þessum samskiptum er miklu af upplýsingum safnað og miðlað og gerð krafa um örugga meðhöndlun gagna og auðkenningu á báðum endum. Stofnanirnar eiga það sammerkt að miðla og móttaka verulegan hluta þessara upplýsinga bréflaga með tilheyrandi kostnaði. Við kortlagningu kostnaðar kom í ljós að árlega er varið yfir 200 m.kr. til útsendingar á upplýsingum hjá umræddum stofnunum. Þar við bætist kostnaður við móttöku og skráningu upplýsinga frá viðskiptavinum. Því virðist verulegt hagræði geta hlotist af því að taka upp rafræna mótöku og miðlun upplýsinga ef kostnaður við rafræna auðkenningu reynist hóflegur. Öruggr rafræn auðkenning býður aukinheldur upp á möguleika á að stórkoma aðgengi einstaklinga og fyrirtækja að eigin persónulegum upplýsingum í gagnagrunnum ríkisstofnana.

Tilraunaverkefni um rafræn skilríki

Samstarf stofnananna leiddi til þess að í lok árs 2002 var ákveðið að ýta úr vör sameiginlegu tilraunaverkefni um rafræn skilríki undir forystu fjármálaráðuneytis og með stuðningi nokkurra fleiri ráðuneyta. Tilgangur verkefnisins er að þróa sameiginlega lausn fjölnota rafrænna skilríkja sem gagnast geti jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum í samskiptum við rafræna stjórnsýslu. Markmið til skemmri tíma er að láta reyna á umrædd samskipti með því að úthluta takmörkuðum fjölda skilríkja til viðskiptavina stofnananna og hefja þannig lærdómsferli sem byggir upp þekkingu og reynslu, bæði meðal starfsmanna og viðskiptamanna. Aðilar tilraunaverkefnisins munu þróa og efla rafræna þjónustu sína og leggja áherslu á að hægt sé að nota rafræn skilríki við þau

samskipti. Mikilvægt er að framboð þjónustu sé nægilega mikið til þess að gera rafræn skilríki eftirsóknarverð í augum einstaklinga og fyrirtækja. Af hálfu ríkisskattstjóra eru rafræn skil á virðisaukaskatti með rafrænum skilríkjum nú möguleg og stefnt að samþærilegri lausn vegna skila á staðgreiðslu. Þá hefur fagframteljendum, þ.e. endurskoðendum og bókurum, verið boðið að sækja um rafræn skilríki til samskipta við skattkerfið.

Framhald tilraunaverkefnis

Framundan er almenn prófun á þeim rafrænu skilríkjum sem dreift hefur verið, og verður á næstunni, til valinna viðskiptavina. Prófuð verða samskipti í tölvupósti og ýmis rafræn stjórnsýsla, s.s. rafræn skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu og rafræn skil og samskipti fagframteljenda við skattkerfið. Meta þarf viðhorf og aðlögunarhæfni viðskiptavina og stofnana og meðfærileika skilríkja í samskiptum aðila á milli. Komi ekki í ljós verulegar tæknilegar og félagslegar hindranir þarf að leita bestu leiða til að koma rafrænum skilríkjum í fjöldadreifingu og finna markaðslíkan til lengri tíma litið, þ.e. hverjir greiði fyrir afnot af skilríkjunum og með hvaða hætti.

Framangreindu til frekari stuðnings



er því við að bæta að í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007 sem kynnt var í fyrsta sinn opinberlega á kynningarfundum 11. mars sl. kemur eftirfarandi fram: "Stefna ber að því að notkun rafrænna skilríkja verði almenn og útbreidd svo að unnt verði að bera með öruggum hætti kennsl á samskiptaaðila og að komið verði við rafrænum undirskriftum og dulritun eftir því sem við á."

Hvað eru rafræn skilríki?

Úr fréttatilkynningu á vef fjármálaráðuneytis nr. 2/2003 (29. janúar 2003).

Rafrænum skilríkjum má líkja við vegabréf eða önnur persónuskilríki. Þau eru gefin út til handa einstaklingi og eru ætluð til þess að tölvukerfi geti borið kennsl á hann með öruggum hætti þegar hann vill notfæra sér rafræna þjónustu hins opinbera, svo sem að fylla út tollskýrslu eða gera skil á virðisaukaskatti. Rafræn skilríki má einnig nota til að undirrita tölvupóst. Getur þá viðtakandi fullvissað sig um að pósturinn komi frá þeim sem undirritaði og einnig að efni skeytisins hafi ekki verið breytt á leiðinni. Ennfremur má nota rafræn skilríki til að dulrita upplýsingar og koma þannig í veg fyrir að viðkvæmar upplýsingar, t.d. um einstaklinga, komist í hendur óviðkomandi.

Íslenska ríkið stefnir að því að notkun rafrænna skilríkja verði almenn og útbreidd, enda er slíkt, ásamt viðeigandi lagagrundvelli og skipulagsráðstöfunum, ein af forsendum þess að rafræn viðskipti og stjórnsýsla öðlist það traust sem hefðbundnar aðferðir hafa áunnið sér gegnum aldirnar.

Greiðslur



ÓLAFUR PÁLL
GUNNARSSON

Á síðustu árum hafa orðið verulegar breytingar á framkvæmd lífeyris-trygginga, bæði hvað varðar skyldu-aðild að lífeyrissjóðum og einnig með tilkomu séreignarlífeyrissjóða. Í þessari grein hefur Ólafur Páll Gunnarsson lögfræðingur tekið saman hvernig reglur um skattalega meðferð á iðgjöldum í lífeyrissjóði hafa þróast bæði hér á landi og í öðrum Evrópuríkjum á síðustu árum.

I.

Íslenska lífeyriskerfið byggir á þremur meginstoðum, þ.e. grunnlífeyri almannatrygginga (1. stoð), lífeyrissjóðum (2. stoð) og frjálsum sparnaði (3. stoð). Fram til þessa hefur mest verið greitt úr grunnlífeyri almannatrygginga. Það mun hins vegar að öllum líkindum breytast áður en langt um liður enda hefur mjög dregið saman með greiðslum úr almannatrygginga- og lífeyris-tryggingakerfunum á undanföllum árum. Nú er svo komið að lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu nema um 28 milljörðum á ári á meðan lífeyrissjóðirnir greiða tæpa 26 milljarða eða

samtals tæplega 7% af vergri landsframleiðslu (árslok 2002). Til framtíðar litið mun þróunin án efa verða sú að hlutur skyldubundins lífeyris og frjáls sparnaðar mun vaxa en hlutur almannatrygginga minnka að sama skapi.

Eitt af meginmarkmiðum með setningu laga nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrislögnum), var að gefa almenningi kost á að mynda hluta af lágmarkstryggingavernd sinni í sér-eign. Samfara setningu lífeyrslaganna voru gerðar breytingar á tekjuskattslögnum þar sem heimildir einstaklinga til skattafrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda voru rýmkaðar. Ennfremur voru gerðar breytingar á lögum um tryggingagjald þar sem kveðið var á um lækkingu tryggingagjalds sem nýta skyldi sem mótframlag vegna séreignarlífeyrissparnaðar. Sú heimild var afnumin um síðustu áramót. Þá var í kjölfar setningar lífeyrslaganna samið um mótframlag vinnuveitenda í flestum kjarasamningum. Frá því framangreindar lagabreytingar tóku gildi hefur séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila vaxið hratt eða úr 30 milljörðum í árslok 1999 í tæpa 59 milljarða í árslok 2002. Til samanburðar námu eignir lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris á sama tíma um 680 milljörðum króna. Séreignarsparnaðurinn var því í árslok 2002 rúm 8% af heildareignum lífeyriskerfisins.

Við skattlagningu lífeyrisiðgjalda,

eigna lífeyrissjóða og lífeyrisgreiðslna hér á landi er byggt á svokallaðri EET-skattlagningaraðferð (þ.e. exempt, exempt, tax). Þannig eru lífeyrisiðgjöld undanþegin skattlagningu, eignir lífeyrissjóða undanþegnar fjármagnstekjuskatti en lífeyrisgreiðslur aftur á móti skattlagðar eins og hverjar aðrar laun-tekjur. Þessi skattalega meðferð er í samræmi við þá stefnumörkun sem átt hefur sér stað innan Evrópusambandsins og mælt hefur verið með að aðildar-þjóðirnar taki upp. Samkvæmt 4. og 5. tölul. 30. gr. A laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eru iðgjöld launþega og sjálfstætt starfandi manna samkvæmt lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frádráttarbær frá tekjum. Hámark frádráttarins er 4% af iðgjaldsstofni. Að auki er heimilt að greiða allt að 4% til viðbótar enda sé iðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í sér-eign.

Með breytingu á tekjuskattslögnum á árinu 2000 var gerð breyting á 28. gr. laganna er laut að greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Markmiðið með breytingunni var að gefa þeim sem komnir eru nokkuð áleiðis á starfsævinni, en hafa einhverra hluta vegna ekki áunnið sér fullnægjandi lífeyrisréttindi, svigrúm til þess að gera átak í þeim málum. Samkvæmt 5. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna er launagreiðanda heimilt að greiða til lífeyrissjóðs iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda fyrir starfsmann sinn án þess að greiðslan til sjóðsins sé

í erlenda sé

... og gildandi reglur um frádráttarhæfni þeirra

skattlögd í hendi launamanns. Greiðslan má þó ekki leiða til þess að lífeyrisgreiðslur miðað við 65 ára aldur verði hærrí en sem nemur meðaltækjum viðkomandi starfsmanns s.l. fimm ár.

Eins og að framan greinir eru lífeyrisiðgjöld frádráttarbær frá skatti ef þau mynda lífeyrisréttindi samkvæmt lífeyrislögnum. Samkvæmt 21. gr. lífeyrislaganna er ekki heimilt að starfækja lífeyrissjóð eða veita slíka þjónustu hér á landi nema hann hafi fullgilt starfsleyfi sem veitt er af fjármálaráðherra. Heimild til móttöku viðbótartryggingaverndar sjóðfélaga hafa viðskiptabankar og sparissjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki auk lífeyrissjóða. Framangreindir aðilar þurfa fyrirfram að leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur þeirra um viðbótartryggingavernd sé í samræmi við ákvæði lífeyrislaganna. Þá er öðrum en lífeyrissjóðum skylt að hafa starfsstöð hér á landi. Af því leiðir að ekki er hægt að draga frá tekjum iðgjöld sem greidd eru í erlendan séreignarsjóð. Á þessu verður hins vegar að öllum líkindum breyting innan skamms enda hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp þar sem skilyrði um starfsstöð hér á landi verður afnumið.

II.

Á vettvangi ESB hefur átt sér stað mikil umræða um lífeyrismál, einkum þann hluta er fellur undir 2. stoð, þ.e. lífeyrissjóðina og starfstengdan lífeyri. Þannig hefur ESB samþykkt tilskipanir sem

ætlað er að samræma þær reglur sem um lífeyrissjóðina gilda. Markmið framkvæmdastjórnarinnar er að koma á einum innri markaði fyrir starfstengdan lífeyri og stuðla þannig að auknum hreyfanleika vinnuafis innan svæðisins og auka hagræði í rekstri lífeyrissjóða með því að gefa þeim kost á að starfa

sumum tilvikum alfarið hafnað frádrætti ef greitt er til erlendra lífeyrissjóða eða séreignarsjóða.

Eitt af markmiðum Evrópusambandsins er að koma á innri markaði á yfirráðasvæði



yfir landamæri. Slíkt gæti til dæmis þjónað alþjóðlegum fyrirtækjum með starfsmenn í ýmsum löndum. Enn virðist þó nokkuð langt í land að þessi markmið náist. Þannig er lífeyrislögjöf aðildarríkjanna mjög frábrugðin frá einu landi til annars, t.d. varðandi öflun lífeyrisréttinda og flutning þeirra frá einum sjóði til annars, hvað þá á milli landa. Þá hafa ákvæði skattalaga í ýmsum ríkjum, um frádrátt frá tekjum vegna lífeyrisiðgjalda gert greinarmun á innlendum og erlendum sjóðum og í

aðildarríkja þess. Ein meginforsenda þess að komið sé á slíkum innri markaði er að hindrunum sem standa í vegi fyrir frjálsum viðskiptum, frjálsri þjónustustarfsemi, frjálsum fjármagnsflutningum og frjálsri för manna (fjórfrælsi) sé rutt til hliðar. Í ákvæðum 39., 43., 49. og 56. gr. Rómarsáttmálans eru réttindi þessi tíunduð, en samkvæmt þeim er öll mismunun þessara réttinda á grundvelli þjóðernis bönnuð. Í 49. gr. (sem svarar til 36. gr. EES-samningsins) er vikið að þjónustufrelsinu en í greininni segir m.a. að banna skuli hömlur á frelsi til viðskipta með þjónustu innan

reignarsjóði

bandalagsins fyrir ríkisborgara aðildar-ríkis sem búsettir eru í öðru ríki banda-lagsins en sá aðili sem þjónustan er ætluð. Á grundvelli framangreindra ákvæða gaf framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins út umræðuskjal í apríl 2001 þar sem komist var að þeirri nið-urstöðu að aðildarríkjum sambandsins væri óheimilt að reisa skorður við frelsi til að veita þjónustu og frjálsri för vinnu-afis með því að hafna skattalegum frá-drætti vegna lífeyrisiðgjalda sem greidd væru til sjóða utan viðkomandi ríkis.

Álitamál af þessum toga hafa komið til kasta dómstóls Evrópusambandsins. Árið 1992 féll dómur í svonefndu Bach-mann-máli. Málavextir voru þeir að Þjóðverja, Hanns-Martin Bachmann, sem starfaði í Belgíu, var synjað um frá-drátt frá skatti vegna iðgjalda sem hann greiddi í þýskan sjúkrasjóð. Deila Bachmanns og belgískra skattfirvalda fór fyrir dómstóla sem óskuðu eftir ráðgefandi áliti frá dómstóli Evrópu-sambandsins, um hvort ákvæði belg-ískra laga væru m.a. andstæð þjón-ustufrelsi sem tryggt væri í 59. gr. (nú 49. gr.) Rómarsáttmálans. Í stuttu máli var það niðurstaða dómstólsins að lög-gjöf aðildarríkis sem gerir það að skil-yrði fyrir skattafrádrætti iðgjalda, vegna sjúkra- og örorkutrygginga eða lífeyris- og líffrygginga, að þau séu greidd í því ríki, væri andstæð ákvæðum sáttmál-ans. Hins vegar mætti réttlæta slík skil-yrði með vísan til þess að verja þyrfti samheldni viðkomandi skattkerfis. Þannig mætti réttlæta slíka löggjöf þegar skattkerfi væri þannig uppbyggt að á móti frádrætti vegna tiltekinna ið-gjalda kæmi skattlagning lífeyris-greiðslna og ómögulegt væri að tryggja það að frádregin iðgjöld yrðu skattlögð síðar þegar vörsluaðili iðgjaldanna væri í öðru landi.

Frá útkomu umræðuskjalsins frá 2001 hafa fallið nokkrir stefnumarkandi dómar á þessu sviði sem ganga lengra en Bachmann-dómurinn þar sem mismunur er að öllu leyti hafnað. Í október 2002 féll dómur (Danner-dómurinn) hjá dómstóli Evrópusambandsins þar sem reyndi á finnskar skattareglur um frá-

dráttarbærni lífeyrisiðgjalda. Málavextir voru þeir að þýsk/finnskur læknir, Rolf Danner, flutti frá Þýskalandi til Finn-lands árið 1977. Eftir að hann settist að í Finnlandi hélt hann áfram að greiða til tveggja lífeyrissjóða í Þýskalandi. Á skattframtali 1996 fór hann fram á frá-drátt vegna lífeyrisiðgjaldanna sem hann greiddi til Þýskalands. Niðurstaða finnskra skattfirvalda var að aðeins hluti af iðgjöldum til Þýskalands væru frádráttarbær. Ef Danner hefði hins vegar greitt í sambærilega sjóði í Finnlandi hefði allt verið frádráttarbært. Málið fór fyrir dómstóla og að lokum var lögð spurning fyrir dómstól Evrópu-sambandsins. Þar var spurt hvort lög-gjöf aðildarríkis, sem takmarkaði eða bannaði frádrátt frá tekjum vegna frjáls lífeyrissparnaðar til lífeyrissjóðs, sem starfaði í öðru aðildarríki ESB, á meðan slík iðgjöld væru frádráttarbær ef þau væru greidd til lífeyrissjóðs í fyrnefnda ríkinu, samræmdest ákvæðum Rómarsáttmálans um þjónustufrelsi. Rök finnskra stjórnvalda fyrir slíkri mismun- un byggðu á því að nauðsynlegt væri að tryggja samheldni í skattkerfinu, tryggja virkni skatteftirlits og að nauð- synlegt væri að vernda grundvöll skatt-tekna viðkomandi ríkis.

Þannig væri í fyrsta lagi beint sam- band á milli frádráttarbærni iðgjalda og skattlagningar lífeyrisgreiðslnanna. Skattlagning lífeyrisgreiðslna myndi vega upp á móti því tapi sem frádrátt-urinn hefði í för með sér fyrir finnska ríkið. Með skattfrestun væri finnska skattkerfið að hvetja til lífeyrissparnað- ar og þannig bregðast við öldrun þjóð- arinnar með því að lækka skatttekjur í dag á móti hærri skatttekjum síðar. Þá kom ennfremur fram að samkvæmt finnskum skattalögum væru allar lífeyr- isgreiðslur skattlagðar hvort sem þær væru greiddar af innlendum eða er- lendum lífeyrissjóðum eða öðrum vörsluaðilum til þeirra sem væru heim- ilisfastir í Finnlandi og einnig greiðslur sem greiddar væru frá finnskum sjóð- um til erlendis búsettra. Samkvæmt því væru lífeyrisgreiðslur, vegna iðgjalda sem greidd hefðu verið til finnsk sjóðs,

skattlagðar jafnvel þótt lífeyrisþeginn hefði flutt úr landi. Ef lífeyrisþegar greiddu hins vegar í erlendan sjóð og flyttu síðan úr landi yrði ekki um neina skattlagningu að ræða. Nauðsyn þess að viðhalda samhengi í skattheimtunni útilokaði því frádrátt vegna iðgjalda til erlendra sjóða.

Þessum sjónarmiðum hafnaði dóm- stóllinn m.a. á þeirri forsendu að í raun væri ekki beint samband á milli frá- dráttar vegna iðgjalda og skattlagning- ar lífeyris. Þannig væru lífeyrisgreiðslur frá erlendum lífeyrissjóðum til finnskra skattborgara skattlagðar óháð því hvort iðgjöldin hefðu verið frádráttarbær. Ef Danner byggði áfram í Finnlandi og fengi lífeyrisgreiðslur frá umræddum þýskum lífeyrissjóðum yrðu lífeyrisgreiðslur til hans skattlagðar þótt ekki hefði verið heimilt að draga iðgjöld í sjóðina frá tekjum hans.

Önnur rök finnskra stjórnvalda snéru að því að reglur um ófrádráttarbærni iðgjalda til erlendra sjóða mætti rétt- læta með þeirri nauðsyn að tryggja skatteftirlit og til að komast hjá skatta- sniðgöngu. Þannig væri erfitt, ef ekki ómögulegt, að tryggja það að erlendir lífeyrissjóðir uppfylltu kröfur finnskra laga um frádrátt auk þess sem erfitt væri að fylgjast með því hvort reglum þeirra væri breytt. Þá væri ennfremur erfitt að fylgjast með lífeyrisgreiðslum erlendra lífeyrissjóða til finnskra skatt- borgara. Í því samhengi bentu finnsk stjórnvöld á að sumir erlendir sjóðir kynntu það sérstaklega að greiðslur frá þeim slyppu við skattlagningu í Finn- landi. Fram kom að auðvelt væri fyrir finnsk stjórnvöld að hafa eftirlit með innlendum sjóðum og leggja á þá skyldur um upplýsingagjöf. Engar sam- bærilegar heimildir væru til staðar gagnvart erlendum aðilum. Þá væri upplýsingagjöf milli landa takmörkuð þrátt fyrir tilskipun nr. 77/799/EB, um gagnkvæma aðstoð viðkomandi stjórn- valda ríkja ESB á sviði beinnar skatt- lagningar.

Dómstóllinn féllst ekki heldur á þessi rök finnskra stjórnvalda. Fram kemur í forsendum dómsins að aðildarríki ESB

geti reitt sig á tilskipun 77/799/EB og aflað allra nauðsynlegra upplýsinga til að byggja rétta skattlagningu á. Þannig séu aðildarríki í aðstöðu til að kanna hvort iðgjöld hafi í raun og veru verið greidd af skattþegnum sínum til lífeyrisjóða sem heyrir undir önnur ríki. Að auki sé ekkert sem komi í veg fyrir að viðeigandi skattyfirvöld geti krafist staðfestingar frá skattgreiðendum um að tiltekin skilyrði fyrir frádrætti hafi verið uppfyllt.

Við málflytning kom fram það sjónarmið að ef iðgjöld í erlenda lífeyrissjóði yrðu frádráttarbær myndaðist hvati, einkum hjá hálaunamönnum, til þess að taka út lífeyrinn í landi þar sem tekjuskattur væri lægri. Slíkar brellur og skattasniðganga í þeim tilgangi að hagnast sem mest á skattkerfum kynni að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir ríki sem fjármögnuðu há-gæða velferðarkerfi með skatttekjum. Þessum rökum hafnaði dómurinn enn fremur.

Það var því niðurstaða dómstólsins að túlka bæri 59. grein Rómarsáttmálans með þeim hætti að hún stæði í vegi fyrir því að í skattalög aðildarríkja yrðu sett ákvæði sem takmörkuðu eða bönnuðu frádrátt vegna lífeyrisiðgjalda sem greidd væru til annars aðildarríkis ef slíkur frádráttur væri heimilaður í fyrrnefnda ríkinu.

Í júní 2003 féll dómur í svokölluðu Skandia-máli, en þar reyndi á lögmæti sænskra laga um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda. Starfsmaður Skandia í Svíþjóð sem var skattskyldur í Svíþjóð kaus að greiða lífeyrisiðgjald til starfstengds lífeyrissjóðs í öðru aðildarríki. Starfsmanninum var talið óheimilt að draga iðgjaldsgreiðslur til hins erlenda sjóðs frá skatti þrátt fyrir að honum hefði verið það heimilt ef greiðslurnar hefðu runnið til lífeyrissjóðs í Svíþjóð. Niðurstaða dómstólsins var sú að slíkar reglur brytu í bága við þjónustufrelsisákvæði Rómarsáttmálans. Dómstóllinn féllst ekki á þau sjónarmið sænskra stjórnvalda að takmörkunin væri nauðsynleg til þess að tryggja samheldni í skattheimtu, skattstofn ríkisins og fullnægjandi skattaeftirlit.

III.

Íslensk lagaákvæði eru almennt í góðu samræmi við framangreind sjónarmið og gildandi reglur í EES rétti. Í samræmi við framangreinda dóma og túlkun á 36. gr. EES-samningsins hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að erlendum viðskiptabönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan

völdum í lófa lagið að gera ríkar kröfur um upplýsingaskyldu vörsluaðila viðbótarsparnaðar hvort sem um erlenda eða innlenda aðila yrði að ræða. Þannig væri t.d. hægt að gera kröfur um að viðkomandi vörsluaðili upplýsti skattyfirvöld reglulega um iðgjaldsgreiðslur, inneignir og lífeyrisgreiðslur. Við flytning lífeyrisþega til annars ríkis



Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verði heimilt að veita þjónustu skv. II. kafla laganna, þ.e. að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd. Þessir aðilar þurfa samkvæmt frumvarpinu að fá staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingaverndina gilda séu í samræmi við ákvæði lífeyrslaganna. Verði frumvarpið að lögum gefst almenningi kostur á að greiða í erlenda séreignarsjóði með fullum rétti til skattafrádráttar. Við útgreiðslu lífeyris verður hann að fullu skattskyldur hér á landi.

Við framangreinda breytingu vakna hins vegar spurningar um skattfrákvæmd og hvort ekki verði erfitt að fylgjast með greiðslum iðgjalda í erlenda sjóði og skattleggja lífeyrisgreiðslur úr þeim síðar? Almennt eiga ekki að koma upp vandamál vegna greiðslna úr erlendum séreignarsjóðum. Þótt íslensk skattalögsaga nái ekki til umræddra aðila er íslenskum stjórn-

skattlagningarrétturinn í flestum tilvikum til viðkomandi heimaríkis, en meginreglan í flestum þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er sú að lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar í því ríki þar sem viðkomandi einstaklingur er búsettur. Er reglan í samræmi við tvísköttunarsamningslíkan OECD. Dæmi: Íslendingur sem býr og starfar á Íslandi greiðir í íslenskan lífeyrissjóð og séreignarsjóð í íslenskum banka. Við starfslok flytur hann til Spánar og fær lífeyrisgreiðslur greiddar þar. Samkvæmt tvísköttunarsamningi við Spán er skattur vegna lífeyrisgreiðslna greiddur á Spáni. Framangreind regla er sem slík gagnkvæm. Þ.e. erlendir lífeyrisþegar, t.d. spænskir, sem setjast hér að muna greiða skatt af sínum lífeyri hér á landi. Hvort Ísland muni einhvern tímann fyllast af erlendum lífeyrisþegum skal hins vegar ósagt látið.

Höfundur er lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Greinin þarf ekki að endurspegla stefnu eða vilja fjármálaráðuneytisins.

BÓNDI ER



JÓHANNES
HRAUNFJÖRD
KARLSSON

Landbúnaðarmálin eru snar þáttur þeirrar alheimsvæðingar sem nú ræður ríkjum og má segja að ágreiningurinn um þau hafi orðið til þess að ráðstefna Alþjóða viðskiptastofnunarinnar í Cancún í Mexíkó á liðnu sumri fór út um þúfur. Ríku þjóðirnar vildu ekki láta af niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum. Verndarstefnan í atvinnu- og landbúnaðarmálum á rætur að rekja til milli-stríðsáranna þegar verið var að byggja upp efnahaginn eftir heimskreppuna, en einnig vildu ríkin vera sjálfum sér nóg ef til styrjaldar kæmi. Nú finnst mörgum landbúnaðurinn vera orðinn ansi dýr. Íslendingar greiða um 2% af landsframleiðslu sinni til stuðnings landbúnaði, heldur meira en ríki Evrópusambandsins (ESB) með um 1,5% af sinni landsframleiðslu. Það segir þó ekki alla söguna því landbúnaðurinn étur upp u.þ.b. helming fjárlaga ESB, eða 50 miljarða evra á ári. Að óbreyttri landbúnaðarstefnu mun þetta hlutfall heldur hækka við stækkun bandalagsins í austur síðar á þessu ári.

Þessi ofuráhersla á landbúnað innan ESB á rætur að rekja til Frakklands. Allt frá dögum stjórnarbyltingarinnar 1789 hafa frönsk stjórnvöld verið smeyk við samtakamátt bænda. Þá snerist allt samfélagið um landbúnað. Þeir sem á annað borð unnu, þeir unnu beint eða



óbeint við landbúnað. Yrkja þurfti jörðina, mjólka kýrnar, fara á markaðinn með afurðirnar, og þá riðu skattheimtummenn um héruð. Hagspeki þeirra tíma var búauðgisstefnan. Samkvæmt henni var jörðin uppspretta allra auðæfa og landbúnaðurinn því mikilvægasta atvinnugreinin og undirstaða annarra greina. Þetta kemur skýrt fram í kvæði Jónasar Hallgrímssonar (1807-1845) Alþing hið nýja sem hann orti 1840: Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi. Þessi verðmætasköpun hefði síðan áhrif á allt samfélagið og þess vegna varð að skapa landbúnaðinum þau skilyrði að hann stæði undir því að skapa velmegun fyrir sem flesta. Hin ósýnilega hönd markaðarins skyldi svifa yfir vötnum með frjáls viðskipti og frjálsa samkeppni milli einstaklinga og þjóða, sem kallaði svo aftur á aukna verkaskiptingu og sérhæfingu. Í Danmörku og Pýskalandi varð til afbrigði þessarar stefnu, svokallaður kammeralismur sem varð hagfræðistefna hinna upplýstu

einvalda. Kammeralismur byggir á miklum ríkisafskiptum. Lögðu kammeralistar ríki og samfélag að jöfnu og töldu að efnahagsstefna ríkisins ætti að vera tæki þess til að hafa stjórn á öllu efnahagslífinu, samfélaginu öllu til upphéðar.

Upphafismaður búauðgisstefnunnar eða fysiokratismans, eins og stefnan er einnig nefnd, var François Quesnay. Hann fæddist 4. júní 1694 í litlu þorpi rétt við Versali. Foreldrar hans voru bændur sem höfðu með elju og dugnaði tekist að vinna sig í svolitlar álnir. Quesnay fékk enga menntun og allt virtist stefna í að hans biðu sömu örlög og annarra bændasona, en tíu ára að aldri fékk hann óstöðvandi löngun til að verða læknir. Hann lærði að lesa á eigin spýtur og æfði sig m.a. á verkum Platóns og Aristótelesar. Hann útskrifaðist sem skurðlæknir frá Mantes árið 1718, en varð að hverfa frá skurðlækningum vegna augngalla og sneri sér þá að almennum lækningum. Quesnay skrifaði margar greinar um læknisfræði.

bústólpí



Frægustu greinarnar eru eflaust þær sem hann samdi um hringrás blóðs, hitasóttir og lækningamátt líkamans. Læknisfræðin var enn skammt á veg komin og Quesnay taldi vænlegast að gera sem minnst, láta líkamann um að lækna sig sjálfan. Þetta viðhorf veitti honum mikla velgengi og opnuðu honum dyr dýrlegra veislusala Versala. Í slíkum veislusal fékk ein hefðarfrúin flogakast. Quesnay gerði sér strax ljóst að frúin kærði sig ekkert um að það fréttist. Hann skipaði öðrum gestum að draga sig í hlé þar til flogakastið væri afstaðið og frúin búin að jafna sig. Frúin var eins og nærri má geta hin ánægðasta með þessi viðbrögð hans og þá meðferð sem hún fékk á eftir. Hún mælti sérstaklega með honum við markgreifafrúna af Pompadour (1721-1764) hjákonu Lúðvíks 15. (1710-1774) og valdamestu konu hirðarinnar. Quesnay varð einkalæknir hennar með aðsetur í Versólum 1748. Þar með varð hann borðnautur konungs og aðlaður

árið 1752 eftir velheppnaða meðferð á krónprinsinum. Árið 1755 festi hann kaup á jörð í Leirudalnum. Rekstur þeirrar bújarðar liggur til grundvallar rannsóknnum hans í hagfræði. Quesnay skrifaði margar greinar í Alfræði Diderots (1713-1784), þar af tvær um landbúnað: Bændur 1756 og Korn 1757. Á áttæðisaldri gerist hann stærðfræðingur og leggur til afar snjalla sýndarlausn á ferningum hrings, sem er ein af óleysanlegum gátum stærðfræðinnar.

Árið 1758 gefur Quesnay út höfuðrit sitt: *Tableau Économique*. Bókin er gefin út að tilstuðlan Lúðvíks 15. sem sjálfur las yfir prófarkir, og var verkinu ætlað að sýna með tölum gangvirki efnahagslífsins í kapítalísku kerfi. Titill bókarinnar vísar í þá trú búauðgismanna að unnt væri að gera efnahagskerfinu tæmandi skil í eitt skipti fyrir öll, enda jörðin uppspretta allra auðæfa og aðrar atvinnugreinar bæti engu við auð þjóðarinnar. Samkvæmt þessu saman-

stóð samfélagspýramíðinn af þremur stéttum. Efst trónuðu landeigendur og þeir sem báru ábyrgð á landbúnaðarframleiðslunni. Næst komu þeir sem unnu að framleiðslunni, þ.e. verkamenn og leiguliðar. Neðsta lag pýramíðans var skipað þeim sem ekkert lögðu til þjóðarþúsins, þ.e. borgarar, kaupmenn, handverksmenn og aðrir slíkir sem ekkert land áttu, og Quesnay kallaði hina geldu stétt.

Bókin eða taflan, eins og hún er gjarnan kölluð, lýsir fjármagnsflæði, jafnvæginu milli útgjalda og virðisaukandi framleiðslu: Á tímabili t-1 fá landeigendur greidda leigu frá bændum, og þegar tímabil t hefst eiga þeir í fríðu allar þjóðartekjurnar en allir aðrir sæta lagi um að selja og framleiða. Nú fylgjumst við með ferli reiðufjárins í efnahagskerfinu, þ.e. leiguteknanna eða þjóðarteknanna. Upphæð þeirra nemur 1000 einingum fjár. Landeigendur verja nú 500 einingum í landbúnaðarvörur og 500 í handverk, verk geldu stéttarinnar sem skapar ekki virðisauka. Þær 500 einingar sem bændur fá til baka (upphaflega voru þær fengnar hjá bændum í formi leigutekna t-1) tvöfaldast nú í höndum þeirra, enda er starf þeirra virðisaukandi, og úr verða 1000 einingar. Helmingurinn rennur aftur til landeigenda sem leiga (til varðveislu fram að tímabili t+1), fjórðungur fer í neyslu á sviði landbúnaðar og fjórðungur rennur til geldu stéttarinnar. Sú stétt skapar ekki virðisauka en heldur verðgildinu óbreyttu. Af þeim 500 einingum sem sú stétt fær hjá landeigendum er 250 varið til neyslu á eigin afurðum. Fyrir þær 250 einingar sem eftir verða eru keypt matvæli og hráefni af bændum en í höndum bænda tvöfaldast þær brátt aftur að

verðgildi og verða að 500 einingum. Allt verður að gulli í höndum bænda, sama hvaðan það er fengið. Þá er sama hvernig allt snýst, landeigendur fá alltaf allt aftur í lok hvers tímabils, og hringrásin hefst að nýju, þ.e. í lok tímabilsins hafa landeigendur endurheimt þessar 1000 einingar fjár og eru tilbúnir fyrir næsta tímabil, t+1.

Hugmyndir Quesnay hlutu strax mikla hylli og um hann safnaðist hópur lærisveina sem skrifuðu greinar í anda stefnunnar. Hér má nefna menn eins og markgreifann af Mirabeau (1715-1789) föður byltingarmannsins, Mercier de la Rivière (1720-1793), Le Trosne (1728-1780), Baudeau (1730-1792) og Pierre Dupont de Nemours (1739-1817) en það var einmitt hann sem gaf hópnum nafn með útgáfu úrvalsrita þeirra undir nafninu: Physiocratie 1768. Þess má geta að Pierre Dupont varð ráðgjafi Lúðvíks 16. (1754-1793) en þegar konungur var hálshöggvinn flýði hann til Bandaríkjanna þar sem sonur hans Eleuthère stofnaði fyrirtækið Du Pont de Nemours, sem nú heitir Du Pont. Það er önnur saga sem ekki verður rakin hér.

Í töflu Quesnay var gert ráð fyrir kyrrstæðu þjóðfélagi, þar sem hvorki yrði breyting á stéttum né uppsöfnun gróða, líkt og Adam Smith (1723-1790) gerir ráð fyrir, og síðar marxistar. Þessu breyttu þeir Quesnay og Mirabeau árið 1763 í Philosophie rurale. Quesnay lagði sérstaka áherslu á töfluna góðu í formála sínum að því verki:

Í formála að Tableau économique má lesa að þar er á ferðinni fyrsta reiknireglan sem fundin hefur verið til þess að setja fram með nákvæmri stærðfræði þá grundvallarvísu og það ævarandi gangvirki sem felst í tilskipun Drottins: "Í sveita andlits þíns skalt þú neyta brauðs þíns."

Þeir félagar gerðu nú ráð fyrir hagsveiflum í þjóðfélaginu en út frá áður-nefndri töflu skyldu skattar miðast við nettóframleiðslu, eða nettóhagnað. Þar með ættu eingöngu landeigendur að greiða skatta. Vinna annarra stétta bæri ekki arð og væri því skattlaus. Þessa hugmynd tók t.d. Henry George (1839-1897) upp síðar.

Á Íslandi ríkti kyrrstaða í efnahagslífinu um aldir, svokallað landaurakerfi gildi um öll viðskipti og greiðslu gjalda frá byrjun 14. aldar og fram undir þá 20. Samkvæmt landaurakerfinu var: 1 hundrað = 1 kýr = 6 ær = 120 álnir = 240 fiskar, alveg óháð framboði eða eftirspurn. Tafla Quesnay fellur því vel að íslenskum staðháttum.

Búauðgisstefnan naut mikilla vinsælda í Danmörku og áhrifa hennar gætti einnig á Íslandi. Samkvæmt henni átti ríkið að hafa takmörkuð afskipti af atvinnulífinu. Frjáls viðskipti og frjáls framleiðsla voru kjörorðin (laissez faire og laissez passer). Landsnefndir voru skipaðar árið 1770 og 1784. Þær ferðuðust um landið og gerðu ýmsar tillögur til umbóta í landbúnaði. Stjórnkerfið var endurskipulagt 1784, einokunarverslun aflögð 1787 og sala jarða konungs og biskupsstóla fór fram um aldamótin 1800. Allt eru þetta dæmi um áhrif stefnunnar hérlendis. Ekki er hægt að sjá að stefnan hafi haft mikil áhrif á skattkerfið. Bæði andlegir og veraldlegir embættismenn voru undanþegnir greiðslu konungsskatts samkvæmt Piningsdómi 1490 og jafnvel alveg frá Gamla sáttmála 1262. Sömuleiðis voru lögréttumenn undanþegnir greiðslu skatts frá upphafi embættisferils síns til æviloka. Þegar tignar- og hundraðaskattur var lagður á þessa stétt árið 1765 ætlaði allt vitlaust að verða. Mála-miðlun var gerð við presta 1771 og embættismenn 1774 um að þeir héldu fyrri skattfrelsi, en greiddu tignar- og hundraðaskattinn. Stéttin virðist hins vegar ekki hafa verið eins efuð og talið var því lítið innheimtist í konungssjóð. Þá varð breyting á neðsta lagi stétta pýramídans. Einstaklingar sem ekki áttu tíundarskylda eign, þ.e. eign að verðmæti 600 álnir eða fimm kýrverð, greiddu fyrst og fremst andlegu yfirvaldi skatt. Með tilskipun 1782 lækkaði ljóstollur úr 4 álnum í 2 álnir en heytollur hækkaði hins vegar úr 2,5 álnum í 5 álnir hjá þessum sömu mönnum. Heildarskattgreiðslan þyngdist hjá þeim sem minnst máttu sín en stóð í stað hjá hinum.

Quesnay var sannur upplýsingarmaður eins og hugmyndir hans bera

með sér. Brynt var að upplýsa sauðsvartan almenning um ótvírætt gildi hagsýni og eljusemi, enda var iðjuleysi talið móðir allra lasta. Hann lést í Versölum 16. desember 1774. Hugmyndir hans voru á allra vörum í tvo áratugi og áttu meira skylt við tískufár en stefnu, en um 1780 voru þær flestum gleymdar. Ein ástæðan gæti verið sú að margir gestir Quesnay hafi sótt umræðurnar á fölskum forsendum. Íbúð Quesnay í Versölum var skammt frá íbúð madame de Pompadour en þar var yfirleitt mikið um dýrðir og má ætla að mörgum hafi þótt í lagi að sitja einhvern tíma yfir búauðgismönnum vitandi að þannig kæmust þeir í gleðskapinn hjá markgreifafrúnni. Önnur er sú að tafla Quesnay hafi verið á mis-skilningi byggð, eins og Adam Smith hélt reyndar fram. Hann var góður vinur Quesnay og ætlaði sér að tileinka honum bók sína, Auðæfi þjóðanna. Með öðrum orðum, samfélagspýramídi hafi í rauninni ekki verið til. Búauðgismenn lögðu samt grunninn að markaðsbúskap samtímans og voru líkt og stjórnmalamenn nú að berjast við drauga aftan úr grárri fornaskju. Samt skal haft í huga að árið 1760 óttuðust franskir stjórnmalamenn ekki innflutta landbúnaðarvöru og höfðu því engan áhuga á verndarstefnu eins og nú tíðkast.

Helstu heimildir:

Henri Denis: Histoire de la pensée économique, Quadrige. París 1999.

Einar Laxness: Íslandssaga a-ö - Alfræði Vöku-Helgafells. Rvík 1995.

Gísli Gunnarsson: Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787. Rvík 1987.

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson: Frá tíund til virðisauka. Saga skatta og kvaða frá upphafi til vorra daga. Ritgerð til M.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, júní 1996.

Joseph A. Schumpeter: History of Economic Analysis. With a new introduction by Mark Perlman. Oxford University Press. New York 1994.

Höfundur er sagnfræðingur MA og stundar framhaldsnám í Frakklandi.

Rafræn skil á Norðurlöndum

Það eru ekki bara Íslendingar sem hafa unnið að rafvæðingu skattskilanna. Á hinum Norðurlöndunum á sama þróun sér stað. Á Íslandi hafa netskilin þróast mun hraðar og kann skýringin að vera sú að fyrir stóran hluta skattgreiðenda á hinum Norðurlöndunum hefur framtalsgerðin verið svo einföld því forskráning framtala hefur verið mun meiri þar en hér á landi. Þar hafa menn getað staðfest hið forskráða framtal með símtali og því hefur hagræði netskila ekki verið jafn greinilegt og hér á landi. Netskil hafa engu að síður vaxið á hinum Norðurlöndunum og sama má segja um ýmsa rafræna gagnasöfnun skattfyrvalda.

Hlutabréfaviðskipti - rafrænar upplýsingar

Enn um rafrænu skilin á Norðurlöndum, en í Noregi bárust t.a.m. 40% allra upplýsinga um hlutabréfaeign, þ.m.t. kaup og sölu hlutabréfa, með rafrænum hætti til skattfyrvalda. Einstaklingarnir fá sömu upplýsingar sendar og fá þeir þannig greinargott yfirlit yfir hlutabréfaviðskipti og eign í árslok, auk þess sem framtalsgerðin er gerð einfaldari að sama skapi. Hér á landi hafa þessar upplýsingar ekki verið forskráðar á framtöl, en gildandi lög heimila þó söfnun þeirra. Upplýsingar um hlutabréfaeign og arð eru að vísu sendar á hlutafjármiða en upplýsingum um kaup og sölu verðbréfa hefur aftur á móti ekki verið safnað með sama hætti. Reglur um útreikning söluhagnaðar af hlutabréfum eru tiltölulega flóknar hér á landi og því ólíklegt að unnt verði að forskrá á framtöl á næstu misserum upplýsingar um söluhagnað hlutabréfa, nema til komi breytingar á löggjöf um skattalega meðferð á söluhagnaði.

Upplýsingatafla RSK

Skattlutfall í staðgreiðslu 2004

Skattlutfall	38,58%
Skattlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 93.325	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2004

í einn mánuð	kr. 27.496
í hálfan mánuð	kr. 13.748
í 14 daga	kr. 12.621
í eina viku	kr. 6.310
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 746

Hámark barnabóta miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 123.254
- með börnum umfram eitt	kr. 146.713
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 36.308
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 205.288
- með börnum umfram eitt	kr. 210.584
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 36.308

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómanna	6,38%

Dagpeningar, frádráttur á árinu 2004

Innanlands	Jan.-apríl
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	13.100
Fyrir gistingu í eina nótt	7.700
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.700

Erlendis	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

Akstursfrádráttur, gildir fyrir árið 2004

Almennur frádráttur, pr. km:	kr. 56,50
------------------------------	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennan frádrátt.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennan frádrátt.

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

ANNA DÓRA HELGADÓTTIR
BJARNI AMBY LÁRUSSON

Úrskurðir og dómar

Hesthús - aðstöðuleiga, fasteignaleiga, íþróttastarfsemi. ÚY nr. 314/2003.

RSK endurávarðaði virðisaukaskatt og opinber gjöld kæranda í kjölfar rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Kærandi hafði með höndum þá starfsemi að leigja út aðstöðu fyrir hross í hesthúsum. Yfirkattanefnd (YSKN) taldi að um sjálfstæða atvinnustarfsemi væri að ræða og að þjónusta kæranda væri virðisaukaskattsskyld. Kærandi bar fyrir sig annars vegar undanþáguna í 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (fasteignaleigu) og hins vegar 5. tölul. sömu málsgreinar (íþróttastarfsemi). YSKN hafnaði hvoru tveggja. Um fasteignaleiguna sagði YSKN að samkvæmt úrskurðaf framkvæmd gæti þáttur þjónustu skipt máli við mat á því hvort leiga á afmörkuðu rými fasteignar teldist vera fasteignaleiga í umræddri merkingu. Starfsemi kæranda fólst ekki eingöngu í útleigu á básum í hesthúsum heldur var jafnframt um að ræða sölu á þjónustu tengdri umhirðu og aðbúnaði hrossa. Varðandi þá viðbáru kæranda að starfsemi hans félli undir 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. sagði YSKN að skýra þyrfti hugtakið íþróttastarfsemi til samræmis við ákvæði íþróttalaga nr. 64/1998. Starfsemi kæranda hefði ekki falist í leigu á aðstöðu til íþróttastarfsemi enda hefðu hestaíþróttir ekki verið stundaðar í hesthúsum hans.

Upphaf frjálsrar skráningar - yfirtaka á leiðréttingarkvöð, þinglýsing leigusamnings. ÚY nr. 345/2003.

Málsatvik eru þau að kærandi (T ehf.) keypti á árinu 1998 verslunarhúsnæði af H ehf. H hafði haft sérstaka skráningu vegna byggingar hússins og frjálsa skráningu vegna útleigu þess til R ehf. Í kaupsamningi var tiltekið að T yfirtæki leiðréttingarskyldu innskatts skv. IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Jafnframt yfirtók T skyldur leigusala vegna útleigunnar til R. Þrátt fyrir það gerðu T og R nýjan leigusamning skömmu síðar. T sótti ekki um frjálsa skráningu vegna útleigunnar fyrr en undir rekstri málsins á árinu 2001. Málið hófst það ár að frumkvæði skattstjóra. Skattstjóri miðaði upphaf frjálsrar skráningar við tímamark á árinu 2001 þegar öll skilyrði frjálsrar skráningar voru að hans mati uppfyllt, þ.m.t. að fyrir lá vottorð um þinglýsingu leigusamnings milli T og R. Jafnframt lækkaði skattstjóri innskatt T sem nam yfirtekinni leiðréttingarkvöð á því uppgjörstímabili er kaup gerðust og innskatt vegna rekstrar eignarinnar fram að upphafi frjálsrar skráningar T. Skattstjóri véfengdi hins vegar ekki að T hefði verið til þess fallið að yfirtaka leiðréttingarskylduna. YSKN henti þá staðreynd á lofti. Nefndin bendir á að T hafi við kaupin verið bundin af gildandi leigu-

samningi við R um eignina og að skattstjóri hafi litið svo á að nægur grundvöllur væri fyrir yfirtöku T á leiðréttingarskyldunni, enda hafi skattstjóri ekki beint leiðréttingarkröfunni að seljandanum H. Að þessu athuguðu taldi nefndin að við það yrði að miða að "fullgildur leigusamningur" hafi verið um eignina á þeim tíma þegar T keypti hana. Þar sem um hafi verið að ræða kaup á eign sem skráð hafði verið frjálsri skráningu hafi ekki verið þörf á framlagningu þinglýsingarvottorðs, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglug. 577/1989. Skilyrði frjálsrar skráningar T hafi því verið til staðar við kaupin. YSKN miðaði því upphaf frjálsrar skráningar við það tímamark og felldi niður breytingar skattstjóra á innskatti.

Kapalkerfi - afnotagjald, skatthlutfall, leyfi til útvarps- og sjónvarpsreksturs. ÚY nr. 352/2003.

Gjaldandi hafði með höndum rekstur kapalkerfis er dreifði erlendu sjónvarpsefni í tilteknu sveitarfélagi. Gjaldandi innheimti 14% vsk. af endurgjaldi fyrir sjónvarpsefnið. Skattstjóri taldi að gjaldanda hefði borið að standa skil á 24,5% vsk. þar sem hann hefði ekki sýnt fram á að hann hefði haft leyfi til útvarps- eða sjónvarpsrekstrar, en þar sem um leyfisbundna starfsemi væri að ræða væri slíkt leyfi forsenda þess að gjald teldist afnotagjald sem félli undir 14% vsk. skv. 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. vsk-laga. Kæru til YSKN fylgdi ljósrit af leyfi til útvarps útgefið af útvarpsréttarnefnd. Gildistími þess leyfis hófst þó ekki fyrr en eftir þann tíma er endurákvörðun skattstjóra beindist að. YSKN tók undir það að ekkert benti til þess að gjaldandi hefði haft tilskilið leyfi á þeim tíma sem um var fjallað í málinu, en hvað sem því liði yrði að telja tvímælalaust að starfsemi kæranda, svo sem henni væri lýst í málinu, félli undir ákvæði útvarpslaga, sbr. skilgreiningu þar á hugtakinu útvarp. Þá væri ekki um það deilt í málinu að umræddar tekjur væru endurgjald vegna móttöku sjónvarpsefnis, þ.e. afnotagjald í skilningi 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. vsk-laga. YSKN felldi því niður breytingar skattstjóra.

Yfirfærsla einstaklingsrekstrar yfir til einkahlutafélags. 56. gr. laga nr. 90/2003. Upphafsdagur skráningar á grunnskrá virðisaukaskatts. ÚY nr. 6, 7, 8, 9 og 43/2004.

YSKN hefur kveðið upp úrskurði í 5 málum þar sem málsatvik, en þó aðallega niðurstöður nefndarinnar, eru mjög samþæring.

Deilufenið í úrskurðunum fimm er upphafsdagur skráningar á grunnskrá vsk. Um er að ræða einkahlutafélög sem stofnuð voru, að því er stofnendur félaganna vildu meina, á

grundvelli 57. gr. C laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (nú 56. gr. l. 90/2003). Krafist var skráningar á einkahlutafélögunum frá 1. janúar á þeirri forsendu að þau hefði yfirtekið rekstur stofnenda frá þeim degi. Skattstjóri taldi að skilyrði 57. gr. C hefðu ekki verið uppfyllt og því hefði ekki átt við frávík þess ákvæðis frá almennum reglum um að félag gæti ekki borið skyldur eða átt réttindi fyrir stofndag. Skattstjóri miðaði skráningu við stofndaginn. YSKN staðfestir niðurstöðu skattstjóra um upphafsdaginn en tiltekur að skattstjóri hafi leyst úr málinu á röngum lagaforsendum. Engar breytingar hafi verið gerðar á lögum um virðisaukaskatt að því er varðar skráningu á grunnskrá vsk. Skattstjóra hafi borið að leysa úr málinu á grundvelli ákvæðis vsk-laga og að almenn tilvísun í 5. mgr. 49. gr. vsk-laga til laga um tekju- og eignarskatt breyti engu þar um. YSKN byggði á því að óskráð einkahlutafélög gætu að lögum hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Starfsemi félaganna gæti ekki talist hafin í skilningi vsk-laga fyrr en á stofndegi. Ákvæði 57. gr. C varði efni sínu samkvæmt álagningu tekjuskatts og þótti YSKN ekki verða leitt af ákvæðinu eða lögskýringargögnum að breytingum samkvæmt því ákvæði sé ætlað að taka til virðisaukaskattsskila vegna þess tímabils sem kann að líða frá dagsetningu stofnefnahagsreiknings félagsins til stofndags þess, enda verði ekki séð að nein rökbundin nauðsyn standi til þess. YSKN tók fram að með úrskurðunum væri engin afstaða tekin til álitaeftna varðandi beitingu 57. gr. C, enda hafi lög ekki staðið til þess að leysa úr slíkum álitaeftnum við afgreiðslu á tilkynningu um virðisaukaskattskylda starfsemi og skráningu á grunnskrá vsk.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. febrúar 2004 í máli nr. E-6818/2003, A sf. gegn íslenska ríkinu.

Í máli því sem A sf. höfðaði gegn íslenska ríkinu krafðist félagið þess að úrskurður YSKN nr. 499/2002 í máli félagsins yrði felldur úr gildi. Með úrskurðinum voru lækkuð gjaldfærð vaxtagjöld A sf. í rekstrarreikningum félagsins 1997 og 1998.

Forsaga málsins er sú að A sf. er sameignarfélag í eigu þriggja lögmannna. Frá 1986 höfðu tveir lögmannanna rekið Málflutningsstofuna Skeifunni 17 sf. en nafni þess félags var breytt á árinu 1990 í Almennu málflutningsstofuna sf. Á árinu 1992 hófu eigendur Almennu málflutningsstofunnar sf. samstarf við eigendur Lögmannsstofu Baldvins og Reynis sf. og var af því tilefni stofnað hlutafélagið Almenna málflutningsstofan hf. Voru eignir sameignarfélaganna tveggja, þ.e. Almennu málflutningsstofunnar sf. og Lögmannsstofu Baldvins og Reynis sf., lagðar fram sem hlutfé til hlutafélagsins. Á árinu 1996 var síðan ákveðið að hefja rekstur Almennu málflutningsstofunnar sf. en því félagi hafði ekki verið slitið. Nafni þess félags var síðar breytt í A sf.

Við framangreinda breytingu á rekstri lögmannsstofunnar

keypti A sf. lausafjármuni, bifreiðar og viðskiptamannkröfur Almennu málflutningsstofunnar ehf. og var kaupverðið m.a. greitt með skuldabréfum. A sf. tók yfir alla starfsemi einkahlutafélagsins og var rekstri einkahlutafélagsins hætt og félaginu slitið. Vextir af skuldabréfunum voru síðan gjaldfærðir í rekstri A sf.. Skattstjóri felldi gjaldfærða vexti niður í rekstrarreikningi félagsins þar sem ekki yrði séð að A sf. gæti talist skulda félagsmönnum sínum það fé sem félagið fékk frá félagsmönnum í gegnum einkahlutafélag sem þeir hefðu átt og verið var að slíta á sama tíma. A sf. kærði ákvörðun skattstjóra til YSKN sem hafnaði kröfum félagsins með úrskurði nr. 499/2002.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur er rakið að eigendur A sf. hafi ýmist rekið málflutningsstofur sínar sem sameignarfélag eða hlutafélag. Félagið hafi vísað til þess að eigendum þess hafi verið frjálst að haga lánveitingum til félagsins á þann hátt sem þeir gerðu enda hafi þar verið um eðlileg viðskipti að ræða, en stefnanda hafi skort rekstrarfé og fjármuni til að kaupa viðeigandi búnað. Þar með hafi félaginu verið heimilt samkvæmt 1. tölul. 51. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. sömu laga að færa vexti af skuldinni til frádráttar tekjum á skattframtölum árána 1998 og 1999. Benti dómurinn á að þótt engar hömlur kunni að vera á slíkum ráðstöfunum eigendanna gagnvart félaginu eða þeirra í milli hafi staða þeirra gagnvart félaginu áhrif á túlkun lagaákvæða. Félagið sé ekki í öllu tilliti sjálfstæður réttaraðili þar sem eigendur félagsins bera persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Þeir komi ennfremur fram sem fyrirvarsmenn félagsins og hafi því sjálfir undirritað skuldabréfin sem komu í þeirra hlut við slit einkahlutafélagsins. Um hafi verið að ræða skuldir sem eigendurnir báru sjálfir ótakmarkaða ábyrgð á. Að öllu þessu virtu og þegar litið væri til þess að óheimilt var samkvæmt 3. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. laganna eða til frádráttar skattskyldum tekjum vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn væri á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, yrði að hafna þeirri lögskýringu að félagið gæti talið kröfuna, sem eigendur félagsins ættu samkvæmt skuldabréfunum, skuld í skilningi 1. tölul. 51. gr. laganna. Breyti engu í því sambandi þótt einkahlutafélagið hafi áður átt kröfuna samkvæmt skuldabréfunum eða hvernig skuldin hafi upphaflega orðið til enda hafi eigendur stefnanda þá jafnframt verið hluthafar í einkahlutafélaginu og fengið skuldabréfin í sinn hlutu við slit þess. Að öllu þessu virtu yrði að telja "lánið" frá eigendum félagsins komið og því sé um framlagt fé þeirra að ræða í skilningi 3. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt því lagaákvæði sé óheimilt að draga vexti af framlaginu frá tekjum félagsins á skattframtölum 1998 og 1999. Var kröfu félagsins um ógildingú úrskurðar YSKN hafnað.

Slóvakía

Í desember sl. var tvísköttunarsamningur milli Íslands og Slóvakíu birtur í C-deild Stjórnartíðinda. Af því tilefni verður hér gerð grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda í Slóvakíu.

Tilgreindar fjárhæðir miðast við gjaldárið 2003, tekjuárið 2002. Gjaldmiðill Slóvaka heitir koruna og er gengi hans 0,46835 gagnvart íslensku krónunni miðað við gengisskráningu í febrúar 2004.

Skattar

Á fyrirtæki og einstaklinga er lagður tekjuskattur til ríkisins og skattur á jarðir og byggingar. Hagnaður lögaðila er að fullu skattlagður hjá lögaðilanum og arður er skattlagður hjá móttakanda. Launþegar og launagreiðendur greiða tryggingagjald til almannatryggingakerfisins. Þá er lagður á erfða-fjár- og gjafaskattur á einstaklinga. Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu.

Einstaklingar

Um skattskyldu gilda svipaðar reglur og hér á landi. Full og ótakmörkuð skattskylda er miðuð við búsetu/heimilishald eða a.m.k. 183 daga dvöl á hverju almanaksári. Þó gilda undanþágur frá 183 daga reglunni fyrir námsmenn. Takmörkuð skattskylda hvílir á þeim sem ekki eru heimilisfastir í Slóvakíu en hafa þaðan tekjur eða eiga þar fasteignir.

Tekjur eru flokkaðar í fimm flokka; laun, tekjur af sjálfstæðri starfsemi, fjármagnstekjur, leigutekjur og aðrar tekjur. Tilteknir frádráttarliðir eru heimilaðir í hverjum flokki fyrir sig. Tekjuskattsstofn er þannig fundinn að nettó niðurstöður úr framangreindum flokkum eru lagðar saman. Á þannig fundinn heildartekjuskattsstofn er lagður stighækkandi tekjuskattur á bilinu 10-38%. Þá er öll óútskýrð eignaukning skattlögð í 38% skattþrepi. Undanþegnar tekjur teljast t.d. bætur úr almannatryggingakerfinu, atvinnuleysisbætur, erlendir styrkir, styrkir frá ríkinu, vextir af veðskuldum og vextir af ofgreiddum sköttum hafi ofgreiðsluna mátt rekja til rangrar álagningar.

Launatekjuhugtakið er vítt. Tiltekin hlunnindi eru þó undanþegin skatti s.s. endurmenntun, fæði og líkamsræktarstyrkir. Stjórnarlaun teljast til launatekna.

Frá tekjum af sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga frá nauðsynlegan rekstrarkostnað. Rekstrarkostnaðarhugtakið er svipað og hér á landi. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar hér á eftir varðandi skattlagningu rekstrartekna. Einstaklingur með sjálfstæða starfsemi getur þó valið hvort hann velur að draga frá raunverulegan kostnað samkvæmt fylgiskjöllum eða fastan kostnað skv. tilteknum reglum.

Fjármagnstekjur teljast vera arður, vextir, söluhagnaður, gengishagnaður o.fl. Enginn frádráttur er heimilaður frá vöxtum og gengishagnaði. Söluhagnaður íbúðarhúss telst ekki til skattskyldra tekna hafi eignarhaldstími seljanda verið tvö ár eða lengri. Eignarhaldstími annarra fasteigna en íbúðarhúsnæðis þarf að ná fimm árum svo komast megi hjá skattlagningu hagnaðarins.

Almennur persónufrádráttur er SKK 38.760. Að auki er heimilt að draga frá SKK 16.800 fyrir hvert barn sem er á framfæri skattaðila. Sé barnið fatlað er frádrátturinn SKK 33.600. Nái árstekjur maka ekki SKK 38,760 fæst frádráttur vegna þess að fjárhæð SKK 12.000. Aukafrádrættir eru svo veittir ef skattaðili er öryrki og fer þá eftir örorkunni hversu hár frádráttur fæst.

Tilteknar tekjur sæta afdrætti vegna staðgreiðsluskatta sem er lokaskattlagning. 15% skattur er tekinn af arði, vöxtum af bankareikningum, líftryggingum og séreignalífeyrisgreiðslum. 10% skattur er tekinn af mánaðartekjum sem ná ekki SKK 4.000.

Skattaárið er almanaksárið og skal skila framtali fyrir liðið tekjuár í síðasta lagi 31. mars. Lengri frestir eru veittir fyrir þá sem hafa atvinnu af að telja fram fyrir aðra, lengst til 30. júní. Þeir sem hafa tekjur undir SKK 10.000 á ári þurfa ekki að skila skattframtali. Gjaldandi reiknar sjálfur út skattinn um leið og framtal er fyllt út. Greitt er fyrirfram upp í væntanlega álagningu tekjuskatts og miðast fyrirframgreiðslan við álagningu fyrra árs.

Einstaklingar með takmarkaða skattskyldu í Slóvakíu greiða samskonar skatta og heimilisfastir aðilar í Slóvakíu af þeim tekjum sem eiga uppruna þar, nema tvísköttunarsamningur kveði á um annað.

Lögaðilar

Skattskyldir lögaðilar í Slóvakíu eru öll félög á sviði viðskipta, hvort sem um er að ræða félög með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð. Sameignarfélög bera þó eingöngu sjálfstæða skattaðild hvað varðar þær tekjur sem sæta afdráttarskatti. Allar aðrar tekjur sameignarfélaga eru skattlagðar hjá eigendum félagsins. Lögaðili telst heimilisfastur í Slóvakíu ef hann er skráður þar eða ef raunveruleg stjórn hans er þar.

Allar tekjur lögaðila teljast til rekstrartekna og eru skattlagðar sem slíkar þegar frádráttarbær rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá. Sömu almennu reglur gilda um frádráttarbærni kostnaðar eins og á Íslandi. Þó eru settar skorður við frádráttarbærni kostnaðar sem tengist óskattskyldum tekjum og risnu. Þá eru sektir og tekjuskattur ekki

frádráttarbær rekstrarkostnaður. Til skattskyldra tekna teljast ekki vextir og gengishagnaður af ríkisverðbréfum í erlendri mynt, vextir og gengishagnaður af verðbréfum í erlendri mynt sem gefin eru út af Seðlabanka Slóvakíu, vextir af veðskuldabréfum og vextir af ofgreiddum sköttum og tryggingagjaldi svo framarlega sem ofgreiðslu má rekja til rangrar álagningar skattfyrivalda.

Fasteignir, þó ekki jarðir, og lausafé, er heimilt að fyrna sé stofnverð eignanna hærra en SKK 30.000 og líftími eignanna lengri en eitt ár. Óheimilt er að fyrna jarðir, listaverk, birgðir og náttúruauðæfi (t.d. námur). Þá eru settar skorður við fyrningu bifreiða sem teknar voru í notkun eftir 1. janúar 1999 og eru ekki eingöngu notaðar í rekstri. Tölvur og ýmis smáverkfæri má fyrna á fjórum árum, vélar og húsgögn á sex árum, þá má fyrna fasteignir úr timbri á tuttugu árum og aðrar fasteignir á þrjátíu árum.

Heimilt er að færa tap á móti tekjum næstu fimm ára hafi tapið myndast á þremur samfelldum rekstrarárum.

1. janúar 2002 lækkaði tekjuskattshlutfall lögaðila úr 29% í 25%. Sérstakt 15% skattþrep gildir þó um tiltekin landbúnaðarfyrirtæki. Þá er sérstakur skattafsláttur veittur fyrirtækjum sem hafa a.m.k. 20 starfsmenn og þar af séu 50% þeirra fatlaðir - þessi fyrirtæki greiða 18% tekjuskatt.

Í lögum er ekki að finna ákvæði um bindandi álit skattfyrivalda. Raunin er þó sú að í vissum tilvikum gefa skattfyrivöld út bindandi álit að ósk skattaðila um eftirtalin atvik; skattskyldar tekjur fastrar starfstöðvar aðila með takmarkaða skattskyldu, milliverðlagningu (transfer pricing) og fyrirframgreiðsluskyldu.

Samkvæmt lögum er ekki heimilt að skattleggja móður- og dótturfélag saman. Hver og einn lögaðili er sjálfstæður skattaðili og ábyrgur fyrir skattskilum sínum.

Lögaðilar sem bera takmarkaða skattskyldu í Slóvakíu greiða samskonar skatta og heimilisfastir lögaðilar af tekjum sem eiga uppruna þar nema um annað sé kveðið á um í tvísköttunarsamningi.

Einstaklingar og lögaðilar - skattur á fasteignir

Á eigendur landareigna er lagður 0,25% - 0,75% skattur. Fer prósentan eftir nýtingu jarðarinnar. Sé ríkið hins vegar eigandi landareignarinnar leggst skatturinn á ábúanda. Skattur á fasteignir er lagður á eigendur fasteigna. Ef um er að ræða íbúðarhús er skatturinn SKK 1 fyrir hvern fermetra en SKK 10 fyrir hvern fermetra ef um atvinnuhúsnæði er að ræða.


Virðisaukaskattur

Skattskyldir aðilar eru einstaklingar og fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu. Almenna skattshlutfallið er 20%. Matvara, lyf, bensín og tilteknar olíufurðir bera þó 14% virðisaukaskatt. Helstu undanþágur eru á sviði póst-, fjölmiðla- og fjármálaþjónustu.

Þýtt og endursagt úr European Tax Handbook 2003.

Þjónustusíður RSK

Víðtæk þjónusta á vefnum
- varanlegir veflyklar



Eftir að framtali hefur verið skilað getur framteljandi nýtt sér þjónustusíður RSK og fær þá aðgang að sínu eigin svæði. Þar getur hann m.a. sótt staðfest afrit af framtali sínu, fengið bráðabirgðaútreikning gjalda, sent inn leiðréttingar, fengið afrit af framtölum fyrri ára og breytt veflykli sínum. Þegar álagningu er lokið kemur skatt- og innheimtuseðillinn í staðinn fyrir bráðabirgðaútreikninginn.

Þegar framteljandi opnar Þjónustusíðuna í fyrsta sinn fær hann nýjan varanlegan veflykil til að nota í samskiptum við skattýfirvöld framvegis. Þjónustusíður RSK verða aðgengilegar allt árið. Þar er m.a. hægt að sækja staðfest afrit af framtölum sem iðulega þarf að nota vegna umsókna um lán og til fleiri hluta. Staðfest afrit fást án endurgjalds á vefnum.

